

# EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur .....	2
Helstu niðurstöður.....	3
Fjárlög fyrir árið 1990, ásamt fjárukalögum nr. 72/1990 og 105/1990 .....	7
Afkoma A-hluta ríkissjóðs 1990.....	11
Lána- og viðskiptareikningar 1990 .....	21
Athugasemdir við bráðabirgðayfirlit ríkisbókhalds um fjármál A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1990.....	24
Framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1990 .....	27
Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs 1990 miðað við 1989 .....	30
Innheimta og skil á opinberum gjöldum .....	39
Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs árið 1990 .....	43
A-hluta stofnanir sem fóru meira en 5 milljónir króna fram úr fjárheimildum ársins 1990.....	45

## Fylgiskjöl:

1. Skipting heildargjalda ríkissjóðs árið 1990
2. Skipting innheimtra tekna ríkissjóðs árið 1990
3. Innheimta beinna skatta 1981 - 1990 sem hlutfall af VLF

## Inngangur

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér birtist fjallar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1990. Í ágúst 1990 birtist skýrsla um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til júní 1990.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum ríkisfjármála á árinu 1990 í samanburði við fjárlög ársins og fjárlög. Ennfremur er gerður samanburður á rekstrarafkomu ársins 1990 og ársins 1989, fjallað um uppgjörsaðferðir sem bráðabirgðauppgjör ríkisbókhalds byggir á og gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1990. Þá er gerð grein fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og eftirstöðvum þeirra í árslok 1990 svo og þróun launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs frá árinu 1989 til ársins 1990. Loks er fjallað um þær stofnanir í A-hluta ríkissjóðs sem fóru 5,0 milljónir króna umfram heimildir á árinu 1990.





## Helstu niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar Ríkisendurskoðunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs árið 1990 og framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1990.

- Í bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds eru færðar inn- og útborganir hjá ríkissjóði. Að auki eru tilteknar kröfur bókaðar sem tekjur í uppgjörinu. Á hinn bóginn hafa tilteknar skuldbindingar sem greiddar voru á árinu með sérstakri lántöku ekki verið færðar að fullu til gjalda.

Stofnunin yfirfór bráðabirgðauppgjör ríkisbókhalds með tvennum hætti. Annars vegar athugaði hún hver rekstrarhalli ríkissjóðs teldist vera ef eingöngu væri miðað við bókaðar inn- og útborganir úr ríkissjóði (sjóðsstreymi). Sé þessari aðferð eingöngu beitt telst rekstrarhallinn vera 6,1 milljarður króna en ekki 4,4 milljarðar króna eins og bráðabirgðauppgjör ríkisbókhalds gefur til kynna. Hins vegar var athugað hver niðurstaðan yrði ef til viðbótar greiðsluhreyfingum væri einnig tekið tillit til tiltekinna formlegra fjárskuldbindinga ríkissjóðs, sem telja verður ígildi greiðsluframlaga þó þeim hafi ekki fylgt peningaleg greiðsla. Sé þessari aðferð beitt hækkar rekstrarhallinn úr 4,4 milljörðum króna í 6,5 milljarða króna eða um 2,1 milljarð króna. Jafnframt þessu myndu lántökur ríkissjóðs teljast 1,5 milljörðum króna hærri en fram kemur í nefndu bráðabirgðauppgjöri sé seinni aðfeðinni beitt. Ríkisendurskoðun telur brýnt að settar verði fastmótaðar reglur sem kveða á um hvaða upplýsingar uppgjör ríkisbókhalds eigi að sýna.

- Ríkisendurskoðun telur að fjárlagagerðin hafi batnað á undanförunum árum. Ennfremur hefur mikilvægt skref til bættrar framkvæmdar verið stigið með því að leita eftir samþykki Alþingis fyrir viðbótafjárheimildum í fjárlagalögum innan fjárlagaársins. Þó verður að geta þess að þrátt fyrir að seinni fjárlögin væru afgreidd af Alþingi í desembermánuði 1990 þarf að sækja um viðbótagreiðsluheimild að fjárhæð 600 milljónir króna og heimild til að falla frá áður fyrirhuguðum útgreiðslum að fjárhæð 1,4 milljarðar króna í þriðju fjárlögunum fyrir árið 1990. Þá skal vakin athygli á því að lög nr. 125/1990 um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1990 frá því í desember 1990 veittu fjármálaráðherra 3,5 milljarða króna hærri lántökuheimildir en talið var að þær þyrftu að vera í áætlun fjármálaráðuneytis frá því í desember s.l. Jafnframt ítrekar Ríkisendurskoðun það álit sitt að sett verði sérstök lög um greiðslur úr ríkissjóði eins og áform voru uppi um á síðasta þingi.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1990 eins og hann er sýndur í bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds við fjárlög fyrir árið 1990 og fjárukalög nr. 72 og 105/1990 leiddi eftirfarandi atriði í ljós:
  - ◆ Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs var 676 milljónum króna betri en fjárlög og fjárukalög vegna ársins 1990 gerðu ráð fyrir. Áætlað var að rekstrarhallinn yrði um 5,1 milljarður króna en hann varð 4,4 milljarðar króna. Frávik frá upphaflegum fjárlögum ársins sýna aftur á móti að rekstrarhallinn er 759 milljónum króna hærra en þar var gert ráð fyrir.
  - ◆ Í fjárlögum og fjárukalögum ársins 1990 var stefnt að því að greiðsluafkoman yrði í jafnvægi. Niðurstaðan sýnir að greiðsluafkoman var jákvæð um 714 milljónir króna sem stafar fyrst og fremst af minni rekstrarhalla en gert var ráð fyrir.
  - ◆ Heildartekjur ríkissjóðs námu 92,5 milljörðum króna á árinu 1990 sem er rúmlega 100 milljónum króna lægri fjárhæð en áætlað var. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu að raungildi um 1,6 milljarða króna eða um 1,7% frá árinu 1989. Beinir skattar hækkuðu að raungildi um tæpa 2,9 milljarða króna eða um 19,5%. Hins vegar lækkuðu óbeinir skattar að raungildi um 1,3 milljarða króna eða 1,8% milli árána 1989 og 1990.
  - ◆ Heildargjöld námu 96,9 milljörðum króna á árinu 1990 sem er um 800 milljónum króna lægri fjárhæð en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Útgjöld ríkissjóðs hafa dregist saman milli árána 1989 og 1990 að raunvirði um 0,3 milljarða króna eða um 0,3%. Lækkun ríkisútgjalda skýrist af 1,4 milljarða króna lægri vaxtagreiðslum ríkissjóðs á árinu 1990 en á árinu 1989. Að vaxtagreiðslum frátöldum hækkuðu gjöld A-hluta ríkissjóðs um 1,1 milljarð króna sem skýrist svo til eingöngu af auknum launaútgjöldum.
  - ◆ Innkomið fé umfram útgreiðslur á lána- og viðskiptareikningum nam tæplega 5,2 milljörðum króna sem er nánast sama fjárhæð og endurskoðuð áætlun ársins gerði ráð fyrir. Af þeirri fjárhæð gengu 4,5 milljarðar króna til að mæta fjárförfrá rekstri en það sem eftir stóð bætti greiðslustöðu ríkissjóðs á árinu 1990. Heildarlántökur námu 15,7 milljörðum króna sem er 6,7 milljörðum króna hærra fjárhæð en fjárlög fyrir árið 1990 gerðu ráð fyrir. Af framangreindum 6,7 milljarða króna umframlántökum var 2,6 milljörðum króna varið til að mæta auknu útstreymi fjár af viðskiptareikningum, 1,7 milljörðum króna til endurlána, 1,4 milljarði króna til að mæta auknum rekstrarhalla og bæta greiðslustöðu ríkissjóðs og 1,0 milljarði til greiðslu skulda við Seðlabanka Íslands.

- Fjölgun reiknaðra stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 frá árinu á undan er metinn til 636 stöðugilda eða um 4%. Í fjárlögum árið 1990 með áorðnum breytingum var gert ráð fyrir 604 nýjum stöðugildum. Fjölgun stöðugilda hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 er nánast innan þess ramma sem fjárlög mörkuðu. Því virðist sem tekist hafi að hamla gegn ráðningu starfsmanna hjá ríkinu án heimilda en heimildalausar ráðningar hafa verið viðvarandi vandamál sbr. niðurstöður sambærilegra athugana sem Ríkisendurskoðun hefur gert á breytingum á fjölda starfsmanna ríkisins á liðnum árum.
- Umframgreiðslur til stofnana í A-hluta fjárlaga námu í heild sinni 620 milljónum króna eða 1,4% umfram fjárheimildir þeirra. Greiðslur þeirra stofnana sem fóru 5 milljónir króna eða meira umfram fjárheimildir námu alls 434 milljónum króna í samanburði við 1,3 milljarða króna á árinu 1989. Þrátt fyrir að fjárlagagerðin hafi batnað telur Ríkisendurskoðun að í kjölfar aukins fjárhagslegs forræðis ríkisstofnana og þeirra ráðuneyta er þær heyra undir beri að gera strangari kröfur en áður til stjórnenda ráðuneyta og stofnana um að halda rekstrinum innan þess ramma sem fjárlög marka hverju sinni.
- Árangur við innheimtu opinberra gjalda varð betri á árinu 1990 en á árinu 1989. Betri innheimtuárangur í staðgreiðslu, launaskatti og bifreiðaskatti er metinn á 700 milljónir króna. Innheimtar eftirstöðvar söluskatts ásamt dráttarvöxtum námu á árinu um 550 milljónum króna. Hins vegar eru veruleg vanskil á innheimtu virðisaukaskatts í árslok 1990 sem getur vegið upp innheimtu á eftirstöðvum söluskatts. Þá telur stofnunin að allt að 1,0 milljarður króna af útistandandi kröfum ríkissjóðs í árslok 1990 gæti tapast vegna gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga og er þá höfð hliðsjón af reynslu liðinna ára varðandi fullnustu skattkrafna við skipti á þrotabúum.
- Lántökuheimildir skv. 1. gr. lánsfjárlaga nr. 116/1989, sbr. lög nr. 125/1990, námu alls um 17,0 milljörðum króna. Til viðbótar voru lántökuheimildir skv. 16. gr. lánsfjárlaga, 6. gr. fjárlaga og heimildum í sérlögum 1,9 milljarðar króna. Alls námu lántökuheimildir því um 18,9 milljörðum króna. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins frá því í desember 1990 var gert ráð fyrir að ríkissjóður nýtti ekki 3,5 milljarða króna af erlendri lántökuheimild á árinu. Þess í stað var ráðgert að afla þessa lánsfjár á innlendum fjármagnsmarkaði skv. heimild í lögum nr. 125/1990. Í samræmi við þetta var áætlað að lántökur næmu í heild sinni 15,4 milljörðum króna. Þær urðu á hinn bóginn að mati Ríkisendurskoðunar 17,1 milljarður króna eða 1,7 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir. Erlendar lántökur urðu 3,0 milljörðum króna hærri, en innlendar lántökur 1,3 milljörðum króna lægri en áætlað var.

Hluttur erlendra lána í heildarlántökum á árinu 1990 var um 23% samanborið við 38% á árinu 1989.



## Fjárlög fyrir árið 1990, ásamt fjárukalögum nr. 72/1990 og 105/1990

Í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 var gerð grein fyrir markmiðum fjárlaga fyrir það ár en meginmarkmiðin voru eftirfarandi:

- ◆ Að ríkisbúskapurinn stuðli að óbreyttum viðskiptahalla, þrátt fyrir samdrátt útflutningstekna og minnkandi verðbólgu.
- ◆ Að skattar, sem hlutfall af landsframleiðslu, verði óbreyttir en það felur í sér um 1,5% lækkun tekna ríkissjóðs að raungildi eða um 1,5 milljarða króna.
- ◆ Að halli ríkissjóðs verði innan þeirra marka að hægt sé að fjármagna hann án þess að auka erlendar skuldir eða hækka vexti á innlendum lánsfjármarkaði.

Til að ná þessum markmiðum var talið nauðsynlegt að skera ríkisútgjöld verulega niður, þ.e. sem svarar rúmum 4% eða 4,0 milljarða króna milli ára en það var meiri niðurskurður en dæmi voru um í langan tíma. Samkvæmt frumvarpinu námu gjöld 93,2 milljörðum króna en tekjur voru áætlaðar 90,4 milljarðar króna. Rekstrarhalli var þannig talinn nema 2,8 milljörðum króna. Útstreymi af lánareikningum var áætlað 4,5 milljarðar króna nettó. Lántökur voru því áætlaðar 7,3 milljarðar króna.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu voru gerðar ýmsar breytingar á gjalda- og teknaþlið er leiddu til þess að gjöld hækkuðu um 2,0 milljarða króna og tekjur um 1,2 milljarða króna þannig að rekstrarhalli ríkissjóðs jókst um 832 milljónir króna. Hækkun veittra lána nettó til B-hluta fyrirtækja og sjóða nam 840 milljónum króna og þannig jókst fjárförf ríkissjóðs um 1,6 milljarða króna. Til að mæta þessari fjárförf var gert ráð fyrir að afla 625 milljóna króna innanlands og 1,0 milljarði króna með erlendri lántöku.

Í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar 1990 voru samþykkt fjárukalög nr. 72/1990.

Í athugasemdum með frumvarpi að fjárukalögum þessum sagði m.a.:

„Kjarasamningarnir hafa með tvennum hætti áhrif á afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Annars vegar féllst ríkisstjórnin á að leggja ákveðnar kvaðir á ríkissjóð í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninganna. Hins vegar lækka bæði tekjur og

gjöld ríkissjóðs frá fjárlagaáætlun vegna þess að launa- og verðlagshækkunir verða minni á árinu en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót.

Í því augnamiði að greiða fyrir gerð kjarasamninganna ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir aðgerðum sem fælust í hækkun útgjalda um 1.010 m.kr. og lækkun tekna um 300 m.kr. Til þess að koma í veg fyrir óheppileg áhrif aukins ríkissjóðshalla á efnahagslífið og til þess að standa undir auknum skuldbindingum er jafnframt lagt til við Alþingi að útgjöld verði lækkuð um 915 m.kr.

Fjárlög fyrir árið 1990 byggðust á þeim forsendum að verðlag hækkaði að meðaltali um 16-17% á milli árána 1989 og 1990, verð á erlendum gjaldeyri um 13-14% og laun um 11%. Í forsendum nýgerðra kjarasamninga felast að jafnaði 2,0-3,5% minni breytingar þessara þátta milli ára. Af þessu leiðir að breytingar koma fram bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna. Þannig er áætlað að tekjur ríkissjóðs lækki um 2.300 m.kr. frá fjárlögum og útgjöld um allt að 2.050 m.kr.

Heildaráhrif þessara breytinga fela þannig í sér 645 m.kr. aukningu gjalda umfram tekjur. Nú eru því horfur á um 4,3 milljarða króna rekstrarhalla á ríkissjóði á þessu ári. Það svarar til um það bil 1,3% af landsframleiðslu."

Við afgreiðslu fjárukalagafrumvarpsins á Alþingi voru útgjöld hækkuð um 202 milljónir króna frá því sem frumvarpið gerði upphaflega ráð fyrir. Til ríkisspítala gengu 147 milljónir króna, til niðurgreiðslu fóðurs í loðýrarækt 25 milljónir króna og til Áburðarverksmiðjunnar rúmar 30 milljónir króna vegna niðurgreiðslu á áburðarverði.

Samkvæmt fjárukalögum nr. 72/1990 lækkuðu tekjur um 2,6 milljarða króna og gjöld um tæpa 1,8 milljarða króna frá því sem fjárlög ársins höfðu kveðið á um. Rekstrarhallinn jókst því um 847 milljónir króna. Aukinni fjárpörf ríkissjóðs vegna fjárukalaga nr. 72/1990 var ákveðið að mæta með innlendri lántöku að fjárhæð 850 milljónir króna.

Í júlímánuði 1990 greip ríkisstjórnin til aðgerða til þess að draga úr fyrirsjáanlegri hækkun framfærsluvísitölu í september umfram það sem áætlað var. Ráðstafanir þessar fólust í endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis, niðurfellingu virðisaukaskatts af bókum og frestun bensíngjaldshækkunar. Gert var ráð fyrir að þessar aðgerðir myndu kosta ríkissjóð um 350 milljónir króna á heilu ári í formi lægri tekna en af fjárhæðinni myndu 100 milljónir króna falla á árið 1990. Ennfremur ákvað ríkisstjórnin að fresta fyrirhugaðri hækkun afnotagjalda hjá Póst- og símamálastofnuninni sem áætlað var að myndu lækka tekjur stofnunarinnar á árinu 1990 um 200 milljónir króna. Loks var ákveðið að fresta hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins í októbermánuði sem leiddi til þess að tekjur stofnunarinnar urðu um 10 milljónum króna lægri á árinu 1990 en gert hafði verið ráð fyrir. Þessar gjaldskrárfrestanir höfðu ekki áhrif á afkomu A-hluta ríkissjóðs.

Í desembermánuði voru önnur fjárukalögin nr. 105/1990 fyrir árið 1990 samþykkt á Alþingi.

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum þessum segir m.a.:

„Í frumvarpi þessu er sótt um heimildir sem nauðsynlegar eru taldar vegna skuldbindinga ríkissjóðs, samþykktar Alþingis og verkefna sem áhersla er lögð á að ljúka. Jafnframt er leitað heimilda til fjárgreiðslna vegna rekstrarvandamála nokkurra stofnana. Þetta er gert til þess að í endanlegu uppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1990 þurfi ekki að sækja um umtalsverðar heimildir til uppgjors á rekstri ársins. Við endanlegt uppgjör fyrir árið 1990 er stefnt að því að umframgreiðslur á þessu ári komi til frádráttar heimildum í fjárlögum á næsta ári.

Áætlaður útgjaldaauki samkvæmt frumvarpinu var rúmir 4 milljarðar króna sem skýrast að langstærstum hluta af fáum liðum eins og eftirfarandi tafla sýnir (í m.kr.):

Tryggingastofnun ríkisins, lyfjakostnaður o.fl.		1.260
Áhrif verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga	280	
Ályktanir Alþingis, vegamál o.fl.		320
Framlag til Endurbótasjóðs menningarstofnana, í stað lánveitingar		300
Hallarekstur fyrirtækja frá fyrra ári	280	

"

Ennfremur var í athugasemdum með frumvarpinu gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs vegna ársins 1990. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að tekjur hækki frá fyrri fjárukalögum nr. 72/1990 um 3,6 milljarða króna og skiptist hækkunin þannig:

	<b>m.kr.</b>
- Beinir skattar	1.419
- Óbeinir skattar	1.781
- Aðrar tekjur	<u>430</u>
Alls	<u>3.630</u>

Þá segir ennfremur í athugasemdunum:

„Tekjuáætlun hefur nú verið endurskoðuð og er allt útlit fyrir að heildarinnheimtan verði talsvert meiri á þessu ári en áður var áætlað, eða kringum 92,6 milljarðar króna. Þetta er um 3,6 milljörðum króna hærra tekjur en reiknað var með í fyrri áætlun og nemur aukningin rúmum 4%. Þessi aukning skýrist einkum af tvennu. Annars vegar skilaði álagning opinberra gjalda fyrir gjaldaárið 1990 meiri tekjum en gert hafði verið ráð fyrir. Munar þar mestu um tekjuskatt félaga sem skýrist væntanlega af betri afkomu þeirra á árinu 1989 en áður var talið. Þá hefur hert innheimta á eldri skuldum skilað ríkissjóði talsverðum viðbótartekjum, einkum á fyrri helmingi ársins.“

Við afgreiðslu frumvarpsins hækkuðu útgjöld um 161 milljón króna og náði hækkunin til 23ja fjárlagaliða. Síðari fjárukalögin nr. 105/1990 kváðu

Því á um hækkun tekna um 3,6 milljarða króna og gjalda um 4,2 milljarða króna. Rekstrarhallinn jókst því um 588 milljónir króna. Þá voru í fjárukalögum nr. 105/1990 gerðar þær breytingar á lánahefingum að veitt lán nettó voru aukin um 1,6 milljarða króna. Til hluta- og stofnfjárframlaga var bætt við 20 milljónum króna og afborganir af teknum lánum voru lækkaðar um tæpa 1,4 milljarða króna.

Áformað var að mæta aukinni fjárförf ríkissjóðs vegna seinni fjárukalaganna með innlendri fjáröflun að fjárhæð 875 milljónir króna. Ennfremur var gert ráð fyrir að lækka erlenda lántöku sem fyrirhuguð var í fjárlögum um 1,5 milljarða króna en afla þess í stað sömu fjárhæðar innanlands.

Samtals juku fjárukalögin vegna ársins 1990 rekstrarhalla ríkissjóðs um 1,4 milljarða króna frá því sem upphafleg fjárlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt jókst fjárförf ríkissjóðs um 1,7 milljarða króna.

og í milljónum króna breytingar	Fjárlög	Fjárukalög		Fjárlög
	1990	nr. 72	nr. 105	
Tekjur	91.545	<2.600>	3.630	92.575
Gjöld	<u>95.232</u>	<u>&lt;1.753&gt;</u>	<u>4.218</u>	<u>97.697</u>
Gjöld umfram tekjur	3.687	847	588	5.122
Lánahefing út.	<u>5.290</u>	--	<u>300</u>	<u>5.590</u>
Lánsfjárförf	8.977	847	888	10.712
Lántökur				
Innlendar	6.625	850	2.345	9.820
Erlendar	<u>2.370</u>	--	<u>&lt;1.470&gt;</u>	<u>900</u>
Greiðsluafkoma jákvæð	<u>18</u>	<u>3</u>	<u>&lt;13&gt;</u>	<u>8</u>

## Afkoma A-hluta ríkissjóðs 1990

### Greiðsluafkoma (skv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds)

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs var jákvæð um 714 milljónir króna árið 1990 sem er 706 milljónum króna betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1990. Hefur þá verið tekið tillit til fjárukalaganna tveggja vegna ársins 1990 þar sem áformað var að greiðsluafkoma yrði jákvæð um 8 milljónir króna.

Hin bætta greiðsluafkoma greinist þannig:

	<b>m.kr.</b>
◆ Minni rekstrarhalli	676
◆ Lánahreyfingar, útgreiðslur (aukning)	<1.706>
◆ Lántökur (aukning)	<u>1.736</u>
Greiðsluafkoma, bætt staða	<u>706</u>

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs skv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds var á þá leið að gjöld umfram tekjur námu 4,4 milljörðum króna. Áætlanir gerðu hins vegar ráð fyrir að gjöld umfram tekjur yrðu 5,1 milljarður króna. Rekstrarhallinn er því 0,7 milljörðum króna lægri en áætlað var. Lánahreyfingar nettó sýna að útgreiðslur umfram inngreiðslur námu 10,6 milljörðum króna sem er 1,7 milljörðum króna meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Lántökur námu 15,7 milljörðum króna sem er 1,7 milljörðum króna hærri en áætlun um nýtingu heimilda samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1990 ásamt heimildum skv. 6. gr. fjárlaga 1990 og sérlögum, leyfa.

Frávik frá fjárlögum árið 1990 sýnir aftur á móti að rekstrarhallinn er 759 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir. Lánahreyfingar, útgreiðslur nettó, voru áætlaðar 5,3 milljarðar króna í fjárlögum 1990 en urðu 10,6 milljarðar króna eða tvöföld sú fjárhæð sem áætluð var. Lántökur á fjárlögum 1990 voru fyrirhugaðar 9,0 milljarðar króna er urðu í reynd 15,7 milljarðar króna sem er 6,7 milljörðum króna hærri fjárhæð en þar var gert ráð fyrir.

### Frávik frá fjárlögum 1990

	<b>m.kr.</b>
◆ Aukinn rekstrarhalli	<759>
◆ Lánahreyfingar, útgreiðslur (aukning)	<5.273>
◆ Lántökur (aukning)	<u>6.728</u>
Greiðsluafkoma, bætt staða	<u>696</u>

frá Í milljónum króna fjárlögum	Reikn.	Fjárheim. (Fjár. m. br.) fjárheim.	Frávik frá Fjárlög	Frávik	
Tekjur	92.453	92.575	<122>	91.545	908
Gjöld	<u>96.899</u>	<u>97.697</u>	<u>&lt;798&gt;</u>	<u>95.232</u>	<u>1.667</u>
Gjöld umfram tekjur	<u>4.446</u>	<u>5.122</u>	<u>&lt;676&gt;</u>	<u>3.687</u>	<u>759</u>
Lánahreyfingar út.					
Afborganir lána	4.641	4.340	301	4.700	<59>
Veitt lán/innheimt	522	777	<255>	<1.130>	1.652
Viðsk.r./hlutafjárframl.	3.342	740	2.602	720	2.622
Seðlabanki Íslands	5.286	3.000	<942>	1.000	1.058
þar af v. skuldbreytinga viðskiptabanka	<u>&lt;3.228&gt;</u>				
Samtals	<u>10.563</u>	<u>8.857</u> <sup>1)</sup>	<u>1.706</u>	<u>5.290</u>	<u>5.273</u>
Fjárpörf	15.009	13.979	1.030	8.977	6.032
Lántökur					
Innlendar	11.757	13.087	<1.330>	6.625	5.132
Erlendar	<u>3.966</u>	<u>900</u>	<u>3.066</u>	<u>2.370</u>	<u>1.596</u>
Samtals	<u>15.723</u>	<u>13.987</u> <sup>1)</sup>	<u>1.736</u>	<u>8.995</u>	<u>6.728</u>
Greiðsluafkoma jákvæð	<u>714</u>	<u>8</u>	<u>706</u>	<u>18</u>	<u>696</u>

1) Áætlun um nýtingu lánsfjárheimilda skv. lánsfjárlögum 1990 og viðbótaheimildum skv. 6. gr. fjárlaga og sérlögum.

Í ársbyrjun 1990 námu heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands 5,2 milljörðum króna og greiddust þær upp á árinu. Lækkun skulda A-hluta ríkissjóðs hjá bankanum skýrist m.a. af því að tekin voru lán á árinu hjá innlánsstofnunum að fjárhæð 3,8 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð var 3,2 milljörðum króna ráðstafað til greiðslu lána A-hluta ríkissjóðs hjá bankanum. Þá var tæplega 2ja milljarða króna skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands vegna yfirdráttar á viðskiptareikningi frá fyrra ári greidd upp. Í framangreindri töflu er ekki tekið tillit til skulda A-hluta ríkissjóðs hjá bankanum á árinu 1990 að fjárhæð tæplega 1,6 milljarðar króna vegna uppgjors á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins að fjárhæð 1,4 milljarðar króna og lántöku vegna útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir að fjárhæð rúmlega 200 milljónir króna.

Fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands vegna A-hluta ríkissjóðs varð í reynd 4,3 milljarðar króna að meðaltali á mánuði sem er um 1,0 milljarði króna lægri fjárhæð að meðaltali en gert var ráð fyrir. Sala ríkisvixla á árinu umfram áætlanir leiddi til þess að fjárpörf ríkissjóðs hjá Seðlabankanum varð minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs vegna fjármagnsfyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands innan ársins nam tæpum 700 milljónum króna en á árinu 1989 námu vaxtagreiðslur til bankans vegna þessara viðskipta 1,3 milljörðum króna.

## Gjöld 1990

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga á árinu 1990 námu 96,9 milljörðum króna og eru 0,8 milljörðum króna lægri en heimildir fjárlaga og fjárukalaga kveða á um. Frávik frá fjárheimildum skýrist aðallega af lægri vaxtagreiðslum en áætlaðar voru í fjárlögum en þær urðu 525,6 milljónum króna lægri en heimildir.

Skv. fjárukalögum nr. 72/1990 lækkuðu gjöld ríkissjóðs um 1,8 milljarða króna. Í síðari fjárukalögum ársins nr. 105/1990 sem samþykkt voru í desember voru útgjaldaheimildir frá fyrri fjárukalögum aftur á móti hækkaðar um 4,2 milljarða króna. Þá var fjármálaráðherra heimilt skv. liðum 6.15 og 6.20 í 6. gr. fjárlaga að fresta eða draga úr greiðslum ríkissjóðs með því að leggja niður eða draga tímabundið úr starfsemi ríkisstofnana og takmarka yfirvinnu, ný- eða endurráðningar umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Alls voru heimildir fjárlaga lækkaðar um 160 milljónir króna með vísan til þessara töluliða 6. gr. fjárlaga.

STADA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 1990.

Ráðuneyti í milljónum króna	Árið 1990			Frávik			
	Fjárlög	Fjárheimild	Útkoma	Fjárh.-Fjár1.	Útk.- Fjárh.		
Æðsta stjórn ríkisins	1.051	1.039	1.052	-12	-1,1%	13	1,2%
Forsætisráðuneyti	674	736	731	62	9,2%	-5	-0,7%
Menntamálaráðuneyti	14.327	15.090	15.144	763	5,3%	54	0,4%
Utánríkisráðuneyti	1.174	1.393	1.322	219	18,7%	-71	-5,4%
Landbúnaðarráðuneyti	3.404	3.631	3.621	227	6,7%	-10	-0,3%
Sjávarútvegsráðuneyti	858	918	923	60	7,0%	5	0,5%
Dóms- og kirkjum.ráðun.	4.320	4.532	4.536	212	4,9%	4	0,1%
Félagsmálaráðuneyti	3.750	3.808	3.760	58	1,5%	-48	-1,3%
Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	38.616	39.896	39.765	1.280	3,3%	-131	-0,3%
Fjármálaráðuneyti	5.063	3.752	3.737	-1.311	-25,9%	-15	-0,4%
Samgönguráðuneyti	6.914	7.083	7.119	169	2,4%	36	0,5%
Iðnaðarráðuneyti	1.062	1.302	1.205	240	22,6%	-97	-8,0%
Viðskiptaráðuneyti	4.657	5.474	5.478	817	17,5%	4	0,1%
Hagstofa Íslands	108	113	110	5	4,6%	-3	-2,7%
Umhverfissráðuneyti	23	30	34	7	30,4%	4	11,8%
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	9.231	8.899	8.362	-332	-3,6%	-537	-6,4%
	95.232	97.696	96.899	2.464	2,6%	-797	-0,8%

Hækkun fjárveitinga frá fjárlögum nam 2,5 milljörðum króna eða sem svarar 2,6%. Mest var hækkun rekstrargjalda, annarra en launa, en hún nam 1,4 milljörðum króna eða sem svarar 5,1%. Launagjöld hækkuðu um 0,6 milljarða króna eða 2,3% og tilfærslur um 0,5 milljarða króna eða 1,0%. Eignakaup voru lækkuð um 170 milljónir króna eða 11,6%. Á árinu 1989 nam hækkun fjárveitinga frá upphaflegum fjárlögum 8,5 milljörðum króna en það jafngildir 11,1%.

Töluverðar breytingar urðu á fjárheimildum einstakra stofnana innan fjárlagaársins 1990. Þannig voru sömu viðfangsefni nokkurra fjárlagaliða ýmist lækkuð á fyrri hluta árs samkvæmt heimildum í fjárukalögum eða 6. gr. fjárlaga og síðan hækkuð á síðari hluta ársins. Því er ljóst að þau áform um niðurskurð rekstrargjalda og stofnkostnaðarframlaga, sem fyrri fjárukalög ársins kváðu á um hafa í mörgum tilfellum ekki reynst raunhæf.



Gjöld A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni árin 1989 og 1990.

í millj. króna	Útkoma 1989	Framr. 1989	Útkoma 1990	Frávik mkr.	%	Raunfrávik mkr.	%
Launagjöld	20.588	22.812	23.955	3.367	16,4%	1.143	5,0%
Rekstrargjöld og -tilfærslur	56.142	63.821	63.900	7.758	13,8%	79	0,1%
Vextir	8.548	9.677	8.274	-274	-3,2%	-1.403	-14,5%
Eignakaup	778	893	770	-8	-1,0%	-123	-13,8%
Samtals gjöld	86.056	97.203	96.899	10.843	12,6%	-304	-0,3%

Launagjöld miðast við A-hluta stofnanir sem Launaskrifstofa ríkisins annast afgreiðslu á.

Hækkun útgjalda stofnana í A-hluta fjárlaga á verðlagi hvers árs nam 10,8 milljörðum króna á milli árána 1989 og 1990 eða sem svarar til 12,6%. Útgjöld ríkissjóðs hafa því dregist saman að raunvirði um 0,3 milljarða króna eða um 0,3% af gjöldum ársins 1989. Lækkun ríkisútgjalda á einkum rætur að rekja til lægri vaxtagreiðslna ríkissjóðs en þær drógust saman um 1,4 milljarða króna eða að raunvirði um 14,5%. Að vaxtagreiðslum frátöldum hækkuðu gjöld A-hluta ríkissjóðs um 1,1 milljarð króna einkum vegna hærri launaútgjalda. Þær launagreiðslur sem Launaskrifstofa ríkisins annaðist afgreiðslu á hækkuðu um 1,1 milljarð króna að raunvirði en það svarar til um 5% hækkunar á milli árána 1989 og 1990.

Eftirfarandi athugasemdir skýra helstu frávik útgjalda frá greiðsluheimild fjárlaga:

### Menntamálaráðuneyti

Umframgreiðslur hjá menntamálaráðuneyti námu alls 53,8 milljónum króna og eru aðallega vegna framhaldsskóla og rannsóknastofnana.

### Utanríkisráðuneyti

Greiðslur hjá utanríkisráðuneyti urðu 70,5 milljónum króna lægri en fjárheimildir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fjárheimild til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi að fjárhæð 76,2 milljónir króna var ekki nýtt á árinu. Greiðslur umfram heimildir eru að meginhluta vegna sendiráða, en kostnaður við rekstur þeirra fór 4,5 milljónir króna fram úr heimildum.

### Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur til landbúnaðarráðuneytis urðu 9,5 milljónum króna lægri en fjárheimildir. Endurgreiðslur kjarnfóðurgjalds, söluskatts til fiskeldis og löðdýraræktar og virðisaukaskatts af landbúnaðarafurðum urðu 40,6 milljónum króna lægri en heimildir. Umframgreiðslur eru að mestu leyti komnar til vegna greiðslu uppþóta á útluttar landbúnaðarafurðir, Skógræktar ríkisins og Veiðimálastofnunar en alls nema þær um 20,6 milljónum króna.

## **Félagsmálaráðuneyti**

Greiðslur til félagsmálaráðuneytisins voru 47,7 milljónum króna lægri en fjárheimildir og skýrist mismunurinn meðal annars af því að greiðslur vegna ríkisábyrgðar á launum urðu 46,3 milljónum króna lægri en heimildir.

## **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

Greiðslur hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti voru 131,8 milljónum króna undir heimildum. Frávik skýrist að mestu leyti af viðfangsefnum hjá Tryggingastofnun ríkisins en þær urðu 70,5 milljónum króna lægri en heimildir. Að öðru leyti urðu framlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða 25,9 milljónum króna lægri en ráð var fyrir gert og til heilsugæslustöðva um 30,5 milljónum króna lægri en heimildir.

## **Fjármálaráðuneyti**

Greiðslur fjármálaráðuneytis urðu 15,0 milljónum króna lægri en fjárheimildir. Stærstu frávikin skýrast af fasteignakaupum ríkissjóðs sem fóru 123,8 milljónir króna fram úr heimildum. Á móti var fjárveiting til greiðslu ríkisábyrgða og tjónabóta að fjárhæð 63,8 milljónir króna ekki nýtt á árinu. Þá var ekki lokið við uppgjör á framlagi til starfsmenntunar- og þróunarsjóðs BHMR en áætlað var að leggja sjóðnum til 90 milljónir króna á árinu 1990.

## **Fjárlaga- og hagsýslustofnun**

Greiðslur urðu 536,7 milljónum króna lægri en fjárheimildir sem skýrist fyrst og fremst af lægri vaxtagreiðslum en ráð var fyrir gert í fjárlögum.

## Ríkissjóðstekjur 1990

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 90,4 milljarðar króna. Í meðförum þingsins hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 1,1 milljarð króna og niðurstaða fjárlaga fyrir árið 1990 varð því sú að tekjur ríkissjóðs á því ári yrðu 91,5 milljarðar króna.

Tekjuskattur var hækkaður um 2 prósentustig, en á móti kom sérstök hækkun á persónuafslætti og barnabótum, sbr. lög nr. 117/1989. Virðisaukaskattur varð 24,5%, en í fjárlagafrumvarpinu hafði verið gert ráð fyrir að hann yrði 26%. Þá kom einnig til umtalsverð hækkun á arðgreiðslum til ríkissjóðs.

Fyrri fjárukalög ársins 1990 nr. 72/1990 er samþykkt voru í maí 1990 gerðu ráð fyrir lækkun ríkissjóðstekna um 2,6 milljarða króna. Þar af voru 2,3 milljarðar króna vegna breytinga á verð- og launaforsendum og 0,3 milljarðar króna vegna lækkunar á bensíngjaldi, þungaskatti og bifreiðasköttum.

Í milljónum króna	Fjárhæð	Breyting
Beinir skattar	-364	-2.2%
Óbeinir skattar	-1.691	-2.5%
Aðrar tekjur	<u>-545</u>	<u>-8.7%</u>
	<u>-2.600</u>	<u>-2.8%</u>

Í desember var síðan annað fjárukalagafrumvarp samþykkt á Alþingi fyrir árið 1990. Þar var gert ráð fyrir því að tekjur hækkuðu um 3,6 milljarða króna.

Í milljónum króna	Fjárhæð	Breyting
Beinir skattar	1.419	8.9%
Óbeinir skattar	1.781	2.7%
Aðrar tekjur	<u>430</u>	<u>7.5%</u>
	<u>3.630</u>	<u>4.1%</u>

Fjárlög 1990 ásamt áðurnefndum fjáráukalögum gerðu ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs á árinu 1990 yrðu 92,6 milljarðar króna. Innheimtar tekjur ríkissjóðs skv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds urðu hins vegar 92,5 milljarðar króna sem er 0,1 milljarði króna lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir.

Heiti í milljónum króna	Fjárlög	Fjáráuka- lög maí	Fjáráuka- lög des.	Samtals	Útkoma	Frávik Kr.	%
Eignaskattar	3.075		75	3.150	3.049	(101)	-3,21%
Tekjuskattur, nettó	13.085	(364)	1.274	13.995	14.326	331	2,37%
Persónuskattar	230		70	300	315	15	5,00%
BEINIR SKATTAR	<u>16.390</u>	<u>(364)</u>	<u>1.419</u>	<u>17.445</u>	<u>17.690</u>	<u>245</u>	<u>1,40%</u>
Aðflutningsgjöld	3.000	(25)	175	3.150	3.324	174	5,52%
Gjöld af innflutningi	5.342	(130)	243	5.455	5.858	403	7,39%
Sala erl. gjalddeyris	545	(5)	35	575	563	(12)	-2,09%
Skattar af framfl. og innfl.	2.184	(23)	106	2.267	2.344	77	3,40%
Virðisauka-/söluskattur	38.650	(900)	600	38.350	37.086	(1.264)	-3,30%
Skattar af orku	75			75	75	0	0,00%
Skattar af einkasöluvörum	6.155	(130)	(100)	5.925	5.925	0	0,00%
Sérst. sk. af þjónustu	67	(1)		66	77	11	16,67%
Aðrir sk. af v. þjónustu	468		(10)	458	437	(21)	-4,59%
Skattar af launagreiðslum	6.870	(70)	480	7.280	7.327	47	0,65%
Aðrir óbeinir skattar	5.376	(407)	252	5.221	5.432	211	4,02%
ÓBEINIR SKATTAR	<u>68.732</u>	<u>(1.691)</u>	<u>1.781</u>	<u>68.822</u>	<u>68.448</u>	<u>(374)</u>	<u>-0,54%</u>
Sala eigna	0			0	71	71	0,00%
SALA EIGNA	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>71</u>	<u>71</u>	<u>0,00%</u>
Vaxtat. og aðrar lánatekjur	4.205	(535)	400	4.070	4.096	26	0,64%
Arðgreiðslur	2.053	(10)	30	2.073	1.903	(170)	-8,20%
FJÁRMUNATEKJUR	<u>6.258</u>	<u>(545)</u>	<u>430</u>	<u>6.143</u>	<u>5.999</u>	<u>(144)</u>	<u>-2,34%</u>
Ýmsar tekjur	165			165	245	80	48,48%
AÐRAR TEKJUR	<u>165</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>165</u>	<u>245</u>	<u>80</u>	<u>48,48%</u>
TEKJUR SAMTALS	<u>91.545</u>	<u>(2.600)</u>	<u>3.630</u>	<u>92.575</u>	<u>92.453</u>	<u>(122)</u>	<u>-0,13%</u>

Eignaskattar urðu 101 milljón króna lægri en gert var ráð fyrir eða 3,2%. Eignaskattar félaga urðu 142 milljónum króna lægri en áætlað var, en eignaskattar einstaklinga 111 milljón króna hærri. Þá varð skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 70 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og fjáráukalögum.

Tekjuskattar urðu 331 milljón króna hærri en áformað var sem er 2,4% frávik. Tekjuskattur einstaklinga var 500 milljónum króna hærri en áætlað var en tekjuskattur félaga 169 milljónum króna lægri.

Gjöld af innflutningi urðu um 403 milljónum króna hærri en áætlað var sem er 7,4% frávik. Gjöld af bifreiðum og bifhjólum varð 203 milljónum króna hærri og jöfnunargjald 116 milljónum króna hærri en áætlað var. Hins vegar var sérstakt kjaranfóðurgjald 101 milljón króna lægra en gert var ráð fyrir.

Aðrir óbeinir skattar urðu 211 milljónum króna hærri en áætlað var sem er 4,0% frávik. Stimpilgjald varð 84 milljónum króna herra en áætlað var, áhættugjald ríkisábyrgða 32 milljónum króna herra og innheimtugjald vegna uppboða 36 milljónum króna herra.

Fjármunatekjur urðu 144 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir í áætlun sem er 2,3% frávik. Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum urðu 179 milljónum króna lægri en áætlað var en vaxtatekjur hins vegar 205 milljónum króna hærri. Þá urðu arðgreiðslur 170 milljónum króna lægri en

gert var ráð fyrir og munar þar mest um að afgjöld ríkisjarða urðu 73 milljónum króna lægri en áætlað var og tekjur af sameignum ríkisins 61 milljón króna lægri.

## Lána- og viðskiptareikningar 1990

Fjárlög ársins 1990 gerðu ráð fyrir að lántökur A-hluta ríkissjóðs næmu 9,0 milljörðum króna. Því til viðbótar var fjármálaráðherra heimilt skv. 45. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1990 að gera upp skammtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands vegna ársins 1989. Erlendar lántökur voru áætlaðar tæpir 2,4 milljarðar króna og innlendar lántökur 6,6 milljarðar króna. Afborganir lána voru áætlaðar 5,7 milljarðar króna, þar af erlendar afborganir tæpar 1,4 milljarðar króna. Áætlað var að innheimta lána yrði um 1,1 milljarður króna umfram veitt lán. Þá var gert ráð fyrir að útstreymi fjár vegna viðskiptareikninga og hlutfjárframlaga yrði 720 milljónir króna. Þannig var gert ráð fyrir að nettó hreyfingar á lánareikningum myndu sýna inngreiðslur umfram útgreiðslur að fjárhæð 3,7 milljarðar króna til að mæta fjárþörf vegna fyrirsjáanlegs rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu 1990.

Í milljónum króna	Reikn.	Heimildir <sup>1)</sup>	Frávik heimilda	Fjárlög 1990	Frávik fjárlaga
Fjárþörf frá rekstri	4.446	5.122	<676>	3.687	759
Lánahreyf., nettó útgr.	<u>10.563</u>	<u>5.590</u>	<u>4.973</u>	<u>5.290</u>	<u>5.273</u>
Fjárþörf alls	15.009	10.712	4.297	8.977	6.032
Lántökur	<u>15.723</u>	<u>10.720</u>	<u>5.003</u>	<u>8.995</u>	<u>6.728</u>
Greiðsluafkoma, jákvæð	<u>714</u>	<u>8</u>	<u>706</u>	<u>18</u>	<u>696</u>

1) Heimildir skv. fjárlögum og fjáraukalögum

Niðurstöður úr bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds fyrir árið 1990 sýna að veruleg frávik hafa orðið á einstökum lánareikningum frá því sem kveðið er á um í fjárlögum 1990.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds í árslok 1990 námu 15,7 milljörðum króna. Lántökurnar urðu 1,7 milljörðum króna hærrí en áætlun fjármálaráðuneytisins frá því í desember um nýtingu lánsheimilda ásamt heimildum í sérlögum gerðu ráð fyrir. Innlend fjáröflun nam tæpum 11,8 milljörðum króna, þar af 2,6 milljörðum króna í formi skammtíma lána. Innlendar lántökur urðu 1,3 milljörðum króna lægri en áætlað var. Erlendar lántökur námu á hinn bóginn tæpum 4,0 milljörðum króna eða 3,0 milljörðum króna hærrí en áformað var.

Veitt lán umfram innheimt námu 522 milljónum króna sem er 255 milljónum króna lægri fjárhæð en áætlað var. Frávikið skýrist fyrst og fremst af því að innheimta veittra lána varð tæplega 290 milljónum króna hærri en áformað var.

Útgreiðslur af viðskiptareikningum umfram inngreiðslur námu 3,3 milljörðum króna sem er 2,6 milljörðum króna herra en áætlað var. Frávikið stafar m.a. af uppgjöri Útvegsbanka Íslands og gjaldfresti virðisaukaskatts í tolli, alls að fjárhæð 2,2 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir framlögum til hlutafjár- og stofnframlaga að fjárhæð 180 milljónir króna en þau urðu í reynd 123 milljónir króna.

Áætlað var að greiða Seðlabanka Íslands 3,0 milljarða króna vegna lána og uppgjors á greiðsluhalla ríkissjóðs frá árinu 1989. Í raun voru greiddar tæplega 5,3 milljarðar króna, þar af námu skuldbreytingar innlánsstofnana 3,2 milljörðum króna. Afborganir af lánum nettó og greiðsla af viðskiptaskuldum námu því 2,1 milljarði króna.

Innkomið fé umfram útgreiðslur á lánareikningum nam tæplega 5,2 milljörðum króna sem er nánast sama fjárhæð og endurskoðuð áætlun innan ársins gerði ráð fyrir. Af þeirri fjárhæð gengu 4,5 milljarðar króna til að mæta fjárpörf vegna rekstrarhalla en það sem eftir stóð bætti greiðslustöðu ríkissjóðs á árinu 1990 um 700 milljónir króna.

Í milljónum kr.	Reikn.	Lánsfjárl./ <sup>1)</sup> Heimildir	Frávik	Fjárlög	Frávik
<b>Lántökur:</b>					
Til lengri tíma	9.179	9.287	<108>	6.625	2.554
Til skemmri tíma	<u>2.578</u>	<u>3.800</u>	<u>&lt;1.222&gt;</u>		<u>2.578</u>
Innlendar lántökur	11.757	13.087	<1.330>	6.625	5.132
Erlendar lántökur	<u>3.966</u>	<u>900</u>	<u>3.066</u>	<u>2.370</u>	<u>1.596</u>
Samtals lántökur	<u>15.723</u>	<u>13.987</u>	<u>1.736</u>	<u>8.995</u>	<u>6.728</u>
<b>Afborganir lána:</b>					
Innlendar	<3.416>	<2.970>	<446>	<3.330>	<86>
Erlendar	<u>&lt;1.225&gt;</u>	<u>&lt;1.370&gt;</u>	<u>145</u>	<u>&lt;1.370&gt;</u>	<u>145</u>
Samtals afborganir	<u>&lt;4.641&gt;</u>	<u>&lt;4.340&gt;</u>	<u>&lt;301&gt;</u>	<u>&lt;4.700&gt;</u>	<u>59</u>
Lántökur umfram afborg.	<u>11.082</u>	<u>9.647</u>	<u>1.435</u>	<u>4.295</u>	<u>6.787</u>
<b>Veitt lán/innheimta:</b>					
Veitt lán	<3.649>	<3.617>	<32>	<2.350>	<1.299>
Innh. veittra lána	<u>3.127</u>	<u>2.840</u>	<u>287</u>	<u>3.480</u>	<u>353</u>
Nettó veitt lán	<u>&lt;522&gt;</u>	<u>&lt;777&gt;</u>	<u>255</u>	<u>1.130</u>	<u>&lt;1.652&gt;</u>
Viðskiptar./hlutafjárframl. Seðlabanki Íslands	<3.342> <5.286>	<740>	<2.602>	<720>	<2.622>
þar af v. skuldbreytinga viðskiptabanka	<u>3.228</u>	<u>&lt;3.000&gt;</u>	<u>942</u>	<u>&lt;1.000&gt;</u>	<u>&lt;1.058&gt;</u>
Samtals útgreiðslur	<u>&lt;5.400&gt;</u>	<u>&lt;3.740&gt;</u>	<u>&lt;1.660&gt;</u>	<u>&lt;1.720&gt;</u>	<u>&lt;3.680&gt;</u>
Aðrir lána og viðsk.reikn.	<u>&lt;5.922&gt;</u>	<u>&lt;4.517&gt;</u>	<u>&lt;1.405&gt;</u>	<u>&lt;590&gt;</u>	<u>&lt;5.332&gt;</u>
Lánareikn., nettó	<u>5.160</u>	<u>5.130</u>	<u>30</u>	<u>3.705</u>	<u>1.455</u>

1) Nýttar heimildir skv. lánsfjárlögum 1990 með síðari breytingum og viðbótarheimild skv. 6. gr. fjárlaga og sérlögum.

< > = útgreiðslur



## Athugasemdir við bráðabirgðayfirlit ríkisbókhalds um fjármál A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1990

Bráðabirgðayfirlit ríkisbókhalds um fjármál og afkomu A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 er ætlað að sýna afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni og stöðu greiðslufjár-, viðskipta- og lánareikninga miðað við greiðslu- hreyfingar ársins. Með þessari skilgreiningu er í raun aðeins verið að tala um inn- og útborganir úr ríkissjóði. Við athugun á bráðabirgðayfirlitinu var kannað hvort þessari uppgjörsaðferð hafi verið fylgt í meginatriðum. Til að ganga úr skugga um þetta var einkum kannað hvort og að hve miklu leyti færslur á viðskipta- og lánareikningum væru í samræmi við aðferðina.

Á liðnum árum hefur greiðsluuppgjör ríkissjóðs í meginatriðum byggst á framangreindri aðferð með nokkrum frávikum þó. Undantekningar voru þær helstar að kaup- og söluverð fasteigna var bókað að fullu þó einungis hluti verðsins hafi verið greiddur. Þá hafa skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda í tolli verið taldar með. Ennfremur hafa framlög eða framlagsígildi verið færð í þetta uppgjör þó ekki hafi verið um beinar greiðslur að ræða. Hins vegar höfðu þessi frávik ekki umtalsverð áhrif á niðurstöður bráðabirgðayfirlits ríkisbókhalds.

Í kjölfar upptöku virðisaukaskatts í ársbyrjun 1990 gengu í gildi reglur um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli. Þennan greiðslufrest má veita þeim, sem stunda vöruinnflutning til landsins til endursölu í atvinnuskyni. Af þessu leiðir að ríkissjóður á ætíð verulegar fjárhæðir útistandandi þar sem virðisaukaskatt ber að innheimta af nánast öllum vöruinnflutningi við tollafgreiðslu. Um sl. áramót námu kröfur þessar um 1,1 milljarð króna og er þetta langtum hærrí fjárhæð en áður þekktist varðandi skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda. Þá hefur ríkissjóður á síðustu árum aðstoðað aðila utan A-hluta ríkissjóðs í ríkari mæli en áður með því að yfirtaka skuldir þeirra í stað þess að veita þeim bein fjárframlög. Á sama hátt eru dæmi um að aðilar utan A-hlutans hafi tekið lán í eigin nafni fyrir atbeina ríkissjóðs í því skyni að gera upp skuldbindingar sem í raun hvíldu á ríkissjóði.

Ríkisendurskoðun hefur yfirfarið bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1990 í því skyni að kanna hvort aðeins séu færðar peningalegar greiðslur í uppgjörinu þannig að það sýni aðeins sjóðsstreymi. Til þess að uppgjörið sýni aðeins sjóðsstreymi þarf að mati Ríkisendurskoðunar að draga frá færslur sem hafa verið viðskiptafærðar þ.e.a.s. gjöld vegna virðisauka í tolli að fjárhæð 1,1 milljarður króna, útgefin skuldabréf vegna sölu eigna og til greiðslu opinberra gjalda að fjárhæð 142 milljónir króna en á móti kemur óbókuð sala eigna að fjárhæð 30 milljónir króna. Samtals nema þessar

breytingar 1,2 milljörðum króna til lækkunar tekna. Þá eru færðar greiðslur á viðskiptareikning sem að mati Ríkisendurskoðunar eiga að gjaldfærast s.s. kaup á eignum þrotabús Sigló hf. að fjárhæð 88 milljónir króna, greiðslur vegna útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir að fjárhæð 328 milljónir króna og Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að fjárhæð 190 milljónir króna. Á móti ætti að dragast frá gjaldfærsla í tengslum við kaup á fasteignum með útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 98 milljónir króna. Samtals nemur hækkun gjalda um 500 milljónir króna vegna þessara atriða. Samkvæmt framansögðu leiðir athugunin í ljós að rekstrarhallinn myndi aukast um 1,7 milljarða króna og verða 6,1 milljarður í stað 4,4 milljarðar króna.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu frá bráðabirgðauppgjöri 1990 þar sem aðeins er tekið tillit til inn- og útgreiðslna:

Í milljónum króna	Reikningur Leiðrétting		Alls
Tekjur	92.453	<1.194>	91.259
Gjöld	<u>96.899</u>	<u>508</u>	<u>97.407</u>
Gjöld umfram tekjur	4.446	1.702	6.148
Lánahreyfing, nettó útgr.	<u>10.563</u>	<u>&lt;1.702&gt;</u>	<u>8.861</u>
Fjárbörf alls	15.009	0	15.009
Lántökur	<u>15.723</u>	<u>0</u>	<u>15.723</u>
Greiðsluafkoma, jákvæð	<u>714</u>	<u>0</u>	<u>714</u>

Þá hefur Ríkisendurskoðun kannað hver afkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1990 yrði ef til viðbótar greiðsluhreyfingum væri tekið tillit til nánar tiltekinna fjárskuldbindinga ríkissjóðs sem telja verður ígildi framlaga þó þau hafi ekki haft peningalega greiðslu í för með sér. Niðurstöður sýna að rekstrarhallinn mun aukast um 2,1 milljarð króna og lántökur um 1,5 milljarða króna frá bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds sé þessari aðferð beitt.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar frá bráðabirgðauppgjöri 1990 ef tekið er tillit til atriða sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs þó ekki sé um beinar peningagreiðslur að ræða:

Í milljónum króna	Reikningur Breyting	Alls
-------------------	---------------------	------

Tekjur	92.453	250	92.703
Gjöld	<u>96.899</u>	<u>2.384</u>	<u>99.283</u>
Gjöld umfram tekjur	4.446	2.134	6.580
Lánahreyfing, nettó útgreiðslur	<u>10.563</u>	<u>&lt;656&gt;</u>	<u>9.907</u>
Fjárpörf	15.009	1.478	16.487
Lántökur	<u>15.723</u>	<u>1.478</u>	<u>17.201</u>
Greiðsluafkoma, jákvæð	<u>714</u>	<u>0</u>	<u>714</u>

Tekjur hafa verið hækkaðar um 250 milljónir króna sem er óbókuð sala eigna í árslok 1990. Gjöld hækkuðu um 2,4 milljarða króna sem skiptist sem hér segir: Yfirtekin skuld Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins við Seðlabanka Íslands 1.648 milljónir króna en þar af eru 190 milljónir króna viðskiptafærðar, útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 328 milljónir króna, tap af sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma hf. og á eignum úr þrotabúi Sigló hf., 388 milljónir króna, og loks óbókuð kaup á fasteignum 20 milljónir króna.

Viðbótarekstrarhalli að fjárhæð 2,1 milljarður króna skýrist þannig að lántökur jukust um 1,5 milljarða króna og það sem eftir stendur breytir viðskiptareikningum, kröfum ríkissjóðs á aðra og hlutafjáreign um rúmar 650 milljónir króna.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að setja skýrar reglur um þá aðferð sem beita á svo og um þær upplýsingar sem bráðabirgðauppgjör ríkisbókhalds skal sýna. Yfirlit sem aðeins sýnir inn- og útgreiðslur hjá ríkissjóði veitir takmarkaðar upplýsingar um raunveruleg útgjöld og tekjur ríkissjóðs á viðkomandi tímabili. Þá er ljóst að greiðslustreymisaðferðin getur gefið ranga mynd af raunverulegri skuldastöðu ríkissjóðs. Þetta á ekki síst við þar sem á undanförunum árum hefur ríkissjóður tekið yfir skuldir aðila utan A-hluta fjárlaga í stað beinna fjárframlaga. Þar sem ekki er um beinar peningagreiðslur að ræða í slíkum tilvikum eru þær ekki sýndar í bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

Það er mat Ríkisendurskoðunar að svonefnd bráðabirgðayfirlit um fjármál ríkissjóðs eigi að sýna raunverulegar tekjur og gjöld sem falla til á viðkomandi tímabili og allar lántökur. Fjárlög ættu jafnframt að byggjast á sama grunni þannig að samanburður við ríkisreikning sé raunhæfur. Mikilvægt er að ekki sé beitt mismunandi aðferðum við bókun í sama uppgjöri.





## Framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1990

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1990 nr. 116/1989 var fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs upphaflega heimilt að taka alls um 9,0 milljarða króna lán á árinu 1990, þar af 2,4 milljarða í erlendri mynt. Að auki var fjármálaráðherra heimilt að taka lán í erlendri mynt til að gera upp skammtímaskuldir ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands í árslok 1989 að fjárhæð um 2,0 milljarðar króna. Lántökuheimildir námu þannig skv. lögum 116/1989 upphaflega alls 11,0 milljörðum króna, þar af í erlendri mynt jafnvirði allt að 4,4 milljörðum króna.

Með lögum nr. 125/1990, um breytingu á lögum nr. 116/1989, sem sett voru skömmu fyrir júl 1990, voru lántökuheimildir rýmkaðar. Þannig var heimild til innlendrar lántöku á árinu 1990 hækkuð um rétt rúma 6 milljarða króna og mátti hún nema alls tæplega 12,7 milljörðum króna. Jafnframt var kveðið á um að endurlána mætti Alþjóðaflugþjónustunni allt að 180 milljónir króna af þessari fjárhæð og Lánasjóði íslenskra námsmanna 450 milljónum króna umfram það sem kveðið var á um í fjárlögum fyrir árið 1990. Samtölur heimilda urðu því skv. þessu samtals um 17,0 milljarðar króna. Hins vegar er þetta um 3,5 milljarða króna hærri fjárhæð en þörf var talin fyrir samkvæmt áætlunum og því sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu. Þar segir svo orðrétt:

„Heildarlánsfjárbörf ríkissjóðs var í fjárlögum 1990 áætluð tæpir 9 milljarðar króna. Þar af var áformað að mæta 6,6 milljörðum með innlendri lánsfjáröflun og 2,4 milljörðum með erlendri lántöku. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er heildarlánsfjárbörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári um 12,6 milljarðar króna og verður henni mætt með 11,7 milljarða króna innlendri lánsfjáröflun og 0,9 milljarða króna erlendri lántöku. Þar við bætist að sótt er um heimild til útgáfu á spariskírteinum vegna uppgjors á skuld ríkissjóðs við Útvegsbankann að fjárhæð 0,9 milljarðar króna.

Innlend lánsfjáröflun verður samkvæmt þessu 6,0 milljörðum króna hærri en heimild í lánsfjárlögum 1990 segir til um og er með frumvarpi þessu leitað eftir viðbótaheimild fyrir ríkissjóð til hennar.

Hækkun innlendrar lánsfjárþarfar á sér nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi má ætla að halli á fjárlögum aukist um 1,4 milljarða króna. Fjárlög 1990 voru afgreidd með tæplega 3,7 milljarða króna halla. Nú er hins vegar útlit fyrir að gjöld verði rúmir 5,1 milljarðar króna umfram tekjur. Heimilda til greiðslu gjalda umfram fjárlög var aflað með fjáráukalögum, nr. 72/1990, sem samþykkt voru á sl. vori og með fjáráukalögum sem lögð voru fram í byrjun haustþings og hafa nýlega verið samþykkt.

Í annan stað nam skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands vegna halla á ríkissjóði á árinu 1989 um 2 milljörðum króna. Fjármögnun þessarar skuldar var ekki inni í lántökuheimild ríkissjóðs í lánsfjárlögum 1990. Samkvæmt lögum um

Seðlabanka Íslands ber að greiða skuld ríkissjóðs við bankann fyrir lok marsmánaðar. Í ljósi mikillar sölu á ríkisvixlum í byrjun árs var ákveðið að nota hluta andvirðis þeirra til þessa uppgjörs.

Í þriðja lagi eykst lánsfjárförf um 450 milljónir króna vegna aukinnar fjárparfar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Loks hefur verið ákveðið að nýta ekki heimild til erlendar lántöku sem áætluð var til greiðslu erlendra afborgana en fjármagna þær í stað þess með innlendri lántöku."

Eins og frá er greint í niðurlagi ofangreindra athugasemda var ákveðið að nýta ekki heimild til erlendar lántöku, sem áætluð hafði verið til að standa undir afborgunum af erlendum lánum. Þess í stað var gert ráð fyrir að afborganirnar yrðu fjármagnaðar með innlendri lántöku. Lántökuheimildum var þó ekki breytt til samræmis við þessa ákvörðun og því voru þær í raun 3,5 milljörðum króna hærri en fjármálaráðuneytið taldi lánsfjárförfina vera í desember 1990.

Að mati Ríkisendurskoðunar námu heildarlántökur ríkissjóðs á árinu 1990 17,1 milljarði króna og skiptast þær sem hér segir:

	<b>milljarðar kr.</b>
Innlendar lántökur	11,8
Erlendar lántökur	3,9
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins	<u>1,4</u>
	<u>17,1</u>

Heildarlántökur skv. áætlun fjármálaráðuneytis frá því í desember 1990 að viðbættum heimildum skv. 16. gr. laganna, 6. gr. fjárlaga og heimildum í sérlægum námu alls 15,4 milljörðum króna. Samkvæmt framansögðu urðu lántökur ríkissjóðs 1,7 milljörðum króna hærri á árinu 1990. Erlendar lántökur urðu á sama hátt 3,0 milljörðum króna hærri. Hins vegar urðu innlendar lántökur 1,3 milljörðum króna lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

#### Lántökur

---

Í milljónum króna	1990	Heimild <sup>1)</sup>	Frávik	1989
-------------------	------	-----------------------	--------	------

---

Spariskírteini	8.411	8.388	23	5.060
Ríkisvixlar og ríkisbréf	2.251 \			5.167
Önnur innlend fjáröflun	3.996 \	4.699	<1.353>	160
þ.a. skuldbreyting	<3.228> /			
Seðlabanki Íslands	327 /			318
Seðlabanki Íslands v/Verðjöfn.sj. fiskiðn.	1.458	1.458		
Erlend lán	<u>3.966</u>	<u>900</u>	<u>3.066</u>	<u>6.663</u>
Samtals	<u>17.181</u>	<u>15.445</u>	<u>1.736</u>	<u>17.368</u>

- 1) Heimildir skv. áætlun fjármálaráðuneytis sbr. lög nr. 125/1990 og viðbótarheimildir skv. 6. gr. fjárlaga og sérlögum.

Þann 1. nóvember 1990 gaf fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs út skuldabréf að fjárhæð rúmlega 1,4 milljarðar króna til Seðlabanka Íslands. Skuldabréf þetta á rætur að rekja til ákvæða í lögum nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins en samkvæmt þeim skyldi ríkissjóður yfirtaka allar skuldbindingar sjóðsins þann 1. júní 1990. Lántaka þessi er ekki bókuð hjá ríkisbókhaldinu og kemur því ekki fram í bráðabirgðayfirlitinu. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði svo átt að vera.

Heildarlántökur á árinu 1989 námu 17,4 milljörðum króna en það svarar til um 19,4 milljarða króna á verðlagi ársins 1990. Þannig urðu lántökur á árinu 1990 2,2 milljörðum króna lægri en á árinu 1989. Hærri lántökur á árinu 1989 má fyrst og fremst rekja til uppgjors á halla A-hluta ríkissjóðs frá árinu 1988. Hluttur erlendra lána í heildarlántökum á árinu 1990 var um 23% samanborið við 38% á árinu 1989.



## Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs 1990 miðað við 1989

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs skv. bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds nam 4,4 milljörðum króna á árinu 1990 í samanburði við 6,0 milljarða króna á árinu 1989.

Tekjur námu 92,5 milljörðum króna sem er 12,5 milljarða króna hækkun frá árinu 1989 eða sem svarar til 15,6%. Gjöld námu 96,9 milljörðum króna sem er hækkun um 10,8 milljarða króna eða 12,6%. Rekstrarhallinn nam þannig 4,4 milljörðum króna og er 1,6 milljörðum króna minni en á árinu 1989. Sé miðað við fast verðlag hafa tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist um 1,7% að raunvirði en gjöld A-hluta ríkissjóðs hafa dregist saman um 0,3% að raunvirði. Í fjárlögum fyrir árið 1990 var áformað að ríkisútgjöld lækkuðu um 2% að raunvirði frá fyrra ári.

Í milljónum króna	1990	1989	fjárhæð	Frávik %
Tekjur	92.453	80.001	12.452	15,6
Gjöld	<u>96.899</u>	<u>86.056</u>	<u>10.843</u>	<u>12,6</u>
Gjöld umfram tekjur	<u>4.446</u>	<u>6.055</u>	<u>&lt;1.609&gt;</u>	<u>&lt;26,6&gt;</u>

Sé miðað við meðalverðlag ársins 1990 hefur rekstrarhalli orðið tæplega þriðjung minni en á árinu 1989. Rekstrarhalli ársins 1990 nam 4,8% af tekjum þess árs í samanburði við 7,6% árið áður. Tekjur A-hluta ríkissjóðs námu 27,4% af vergri landsframleiðslu miðað við 27,1% á árinu 1989. Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 28,8% af vergri landsframleiðslu á árinu 1990 samanborið við 29,1% árið áður.

## Gjöld

## GJÖLD A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Á GREIDSLUGRUNNI.

Ráðuneyti Fjárhæðir í millj. kr.	Greitt 1990	Greitt 1989	Mismunur '89-'90	Mismunur %
00 Eðsta stjórn ríkisins	1.052,0	824,8	227,2	27,5%
01 Forsætisráðuneyti	731,1	886,6	-155,5	-17,5%
02 Menntamálaráðuneyti	15.143,9	13.555,5	1.588,4	11,7%
03 Utanríkisráðuneyti	1.322,3	1.009,0	313,3	31,1%
04 Landbúnaðarráðuneyti	3.621,3	3.889,3	-268,0	-6,9%
05 Sjávarútvegsráðuneyti	923,0	2.123,4	-1.200,4	-56,9%
06 Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	4.535,8	3.986,9	548,9	13,8%
07 Félagsmálaráðuneyti	3.759,9	3.008,9	751,0	25,0%
08 Heilbr.- og trygg.m.ráðun.	39.765,2	32.313,1	7.452,1	23,1%
09 Fjármálaráðuneyti	3.736,8	3.920,0	-183,2	-4,7%
10 Samgönguráðuneyti	7.118,3	5.770,2	1.348,1	23,4%
11 Iðnaðarráðuneyti	1.204,7	1.452,7	-248,0	-17,1%
12 Viðskiptaráðuneyti	5.477,8	4.596,3	881,5	19,2%
13 Hagstofa Íslands	110,2	94,7	15,5	16,4%
14 Umhverfissráðuneyti	34,4	10,3	24,1	230,1%
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	8.362,2	8.614,5	-252,3	-2,9%
	96.898,9	86.056,2	10.842,7	12,6%

Breytingar á útgjöldum einstakra ráðuneyta voru í stórum dráttum sem hér segir:

Hækkun gjalda hjá æðstu stjórn ríkisins nam 227,2 milljónum króna eða sem svarar til 27,5%. Þar af námu gjöld vegna endurbóta húseigna að Bessastöðum 161,2 milljónum króna en framlag fyrra árs nam 40,0 milljónum króna.

Gjöld hjá forsætisráðuneytinu lækkuðu um 155,5 milljónir króna eða 17,5%. Ástæðan að baki lækkuninni er fyrst og fremst sú að framlög til Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina á árinu 1990 voru 343 milljónir króna samanborið við 500 milljónir króna á árinu 1989. Framlag til Bygðastofnunar nam 241,0 milljón króna og lækkaði um 34,0 milljónir króna frá fyrra ári.

Gjöld hjá menntamálaráðuneytinu hækkuðu um 1.588,4 milljónir króna eða um 11,7%. Gjöld Háskóla Íslands og ýmissa rannsóknastofnana hækkuðu um 276,6 milljónir króna eða um 14,6%. Framlög til framhaldsskóla hækkuðu um 537,5 milljónir króna eða sem nemur 28,8%, en framlög til grunnskóla og skóla fyrir þroskahefta lækkuðu um 143,5 milljónir króna eða um 3,0%, meðal annars vegna breyttrar verkaskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkaði um 375,5 milljónir króna eða sem svarar til 20,9%.

Hækkun gjalda hjá utanríkisráðuneytinu nam 313,3 milljónum króna eða 31,1%. Hækkun framlaga til þróunarmála og alþjóðlegra hjálparstofnana nam 83,0 milljónum króna og til ýmissa alþjóðastofnana 76,9 milljónum króna. Gjöld sendiráða jukust um 72,9 milljónir króna eða sem svarar til 25,4%.

Gjöld landbúnaðarráðuneytisins lækkuðu um 268,0 milljónir króna eða um 6,9%. Lækkunin skýrist einkum af minna framlagi til greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir en það var um 196,0 milljónir króna lægra en

árið 1989. Endurgreiðsla kjarnfóðursgjalds, söluskatts til fiskeldis og loðdýraræktar og virðisaukaskatts af landbúnaðarafurðum varð ennfremur 141,6 milljónum króna lægri eða um 20,9%.

Lækkun gjalda hjá sjávarútvegsráðuneytinu nam 1.200,4 milljónum króna eða 56,5%. Skýringin er fyrst og fremst sú að endurgreiðslur söluskatts í sjávarútvegi féllu niður á árinu 1990 í kjölfar gildistöku laga um virðisaukaskatt. Endurgreiðslur þessar námu 1.370,7 milljónum króna á árinu 1989. Að þessum lið frátöldum hækkuðu gjöld ráðuneytisins um 22,6% eða 170,4 milljónir króna og skýrist hækkunin einkum af auknu framlagi til Hafrannsóknastofnunar um 131,5 milljónir króna eða 35,6%.

Gjöld hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hækkuðu um 13,8% eða um 548,9 milljónir króna og er það nokkuð svipað rekstrarumfang og árið áður, sé miðað við raunvirði. Hækkun gjalda hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins nam um 13,1% eða um 465,3 milljónir króna og hjá stofnunum kirkjumálaráðuneytis hækkuðu gjöld um 16,2% eða um 58,9 milljónir króna.

Hækkun gjalda hjá félagsmálaráðuneytinu nam 751,0 milljón króna eða 25,0%. Hækkunin skýrist af framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem nam 1.207,1 milljón króna á árinu 1990 en það var áður dregið frá innheimtum söluskatti teknamegin. Að því framlagi frátöldu lækkuðu gjöld ráðuneytisins um 456,1 milljón króna sem skýrist einkum af lækkun framlaga til Byggingarsjóðs ríkisins um 506,0 milljónir króna og til Byggingarsjóðs verkamanna um 110,0 milljónir króna.

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hækkuðu um 7.452,1 milljón króna eða 23,1%. Meginhluti fráviksins skýrist af hækkun framlaga til Tryggingastofnunar ríkisins um 4.143,4 milljónir króna og framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 824,0 milljónir króna. Á árinu 1990 tók ríkissjóður yfir rekstur heilsugæslu af sveitarfélögunum í kjölfar breyttra verkaskiptingar og nam sá kostnaður 1.203,1 milljón króna. Rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík hækkaði um 1.011,7 milljónir króna eða sem svarar til 12,6%.

Gjöld fjármálaráðuneytis lækkuðu um 183,2 milljónir króna eða um 4,7%. Framlag vegna uppbóta á lífeyri lækkaði um 431,7 milljónir króna, niðurgreiðslur á fiski féllu niður á árinu 1990 en þær námu 176,6 milljónum króna á árinu 1989. Af þessum kostnaði frátöldum hækkuðu gjöld ráðuneytisins um 425,1 milljón króna eða sem svarar til 16,1%. Hækkun gjalda hjá skattstofum og tollstjóraembættum nam 337,1 milljón króna eða 31,2%. Rekstur yfirstjórnar fjármálaráðuneytis og stofnana þess hækkaði um 78,9 milljónir króna eða 32,8%, sem skýrist meðal annars af lækkun sértekna um 34,0 milljónir króna frá fyrra ári. Að þessari fjárhæð frátaldri

hækkuðu rekstrargjöld yfirstjórnar ráðuneytisins um 44,9 milljónir króna eða 18,7%.

Hækkun gjalda hjá samgönguráðuneytinu nam 1.348,1 milljón króna eða 23,4% og skýrist af auknum framlögum til Vegagerðar ríkisins. Framlög til Vegagerðarinnar jukust um 972,3 milljónir króna eða sem svarar til 26,2%.

Gjöld iðnaðarráðuneytis lækkuðu um 248,0 milljónir króna eða 17,1%. Frávikið skýrist annars vegar af lægri endurgreiðslum á uppsöfnuðum söluskatti um 175,7 milljónir króna eða 52% og hins vegar á lægri framlögum til ýmissa verkefna á sviði orkumála en þau lækkuðu um 103,2 milljónir króna frá árinu 1989 eða um 26,9%.

Hækkun gjalda hjá viðskiptaráðuneyti nam 881,5 milljónum króna eða 19,2% og skýrist einkum af hærri niðurgreiðslum á vöruverði. Niðurgreiðslur jukust um 856,9 milljónir króna eða um 19,1%. Að öðru leyti er rekstrarumfang ráðuneytisins árið 1990 svipað og 1989.

Gjöld Hagstofu Íslands hækkuðu um 15,5 milljónir króna eða 16,4% og skýrist af hækkun framlags til aðalskrifstofu.

Gjöld umhverfisráðuneytisins námu 34,4 milljónum króna á árinu 1990 allt vegna reksturs aðalskrifstofu. Á árinu 1989 voru veittar 10,3 milljónir króna til ráðuneytisins vegna undirbúningskostnaðar við stofnun þess.

Lækkun framlaga til fjárlaga- og hagsýslustofnunar má rekja til lægri vaxtagreiðslna ríkissjóðs en lækkunin nam um 273,9 milljónum króna sem samsvarar 3,3%. Rekstur yfirstjórnar, ríkisbifreiða og framlög vegna tölvumála hækkuðu um 21,6 milljónir króna eða sem svarar til 32,7%.

## Tekjur

Á árinu 1990 hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 12,5 milljarða króna frá árinu 1989 eða um 15,6%. Að raungildi hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 1,6 milljarða króna eða 1,7%. Helstu frávik eru:

Í milljónum króna	1990	1989	Frávik		Raunaukning frá árinu 1989	
			í kr.	í %		
Eignaskattar	3.049	2.681	368	13,7%	(30)	-1,0%
Tekjuskattur, einstakl.	11.645	8.041	3.604	44,8%	2.825	32,0%
Tekjuskattur, félög	2.681	2.523	158	6,3%	(216)	-7,5%
Persónuskattar	315	6	309	--	308	--
BEINIR SKATTAR	<u>17.690</u>	<u>13.251</u>	<u>4.439</u>	<u>33,5%</u>	<u>2.887</u>	<u>19,5%</u>
Aðflutningsgjöld	3.324	2.610	714	27,4%	418	14,4%
Gjöld af innflutningi	5.858	5.236	622	11,9%	29	0,5%
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	563	828	(265)	-32,0%	(359)	-38,9%
Skattar af framleiðslu og innfl.	2.344	2.494	(150)	-6,0%	(520)	-18,2%
Virðisauka-/söluskattur	37.086	34.179	2.907	8,5%	(2.164)	-5,5%
Skattar af orku	75	59	16	27,1%	7	10,7%
Skattar af einkasöluvörum	5.925	5.374	551	10,3%	(247)	-4,0%
Sérstakir skattar af þjónustu	77	61	16	26,2%	7	9,9%
Aðrir skattar af veittri þjónustu	437	274	163	59,5%	122	38,9%
Skattar af launagreiðslum	7.327	5.820	1.507	25,9%	943	14,8%
Aðrir óbeinir skattar	<u>5.432</u>	<u>4.304</u>	<u>1.128</u>	<u>26,2%</u>	<u>488</u>	<u>9,9%</u>
ÓBEINIR SKATTAR	<u>68.448</u>	<u>61.239</u>	<u>7.209</u>	<u>11,8%</u>	<u>(1.276)</u>	<u>-1,8%</u>
Sala eigna	71	38	33	86,8%	27	62,7%
SALA EIGNA	<u>71</u>	<u>38</u>	<u>33</u>	<u>86,8%</u>	<u>27</u>	<u>62,7%</u>
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	4.096	4.261	(165)	-3,9%	(823)	-16,7%
Arðgreiðslur	<u>1.903</u>	<u>992</u>	<u>911</u>	<u>91,8%</u>	<u>764</u>	<u>67,0%</u>
FÚÁRMUNATEKJUR	<u>5.999</u>	<u>5.253</u>	<u>746</u>	<u>14,2%</u>	<u>(59)</u>	<u>-1,0%</u>
Ýmsar tekjur	245	220	25	11,4%	(8)	-3,0%
ADRAR TEKJUR	<u>245</u>	<u>220</u>	<u>25</u>	<u>11,4%</u>	<u>(8)</u>	<u>-3,0%</u>
TEKJUR SAMTALS	<u>92.453</u>	<u>80.001</u>	<u>12.452</u>	<u>15,6%</u>	<u>1.571</u>	<u>1,7%</u>

## Beinir skattar

Innheimta beinna skatta hækkaði um 4,4 milljarða króna á milli árána 1989 og 1990 eða um 33,5%. Að raungildi hækkuðu beinir skattar um tæpa 2,9 milljarða króna eða 19,5%.

Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af hærri tekjuskatti einstaklinga, en hann hækkaði um 3,6 milljarða króna á milli ára eða 44,8%. Eins og áður sagði var tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað um 2 prósentustig, en á móti kom hækking á persónuafslætti og barnabótum sbr. lög nr. 117/1989 um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt. Beinir skattar einstaklinga sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa aukist úr 2,5% 1987 í 4,1% 1990. Tekjuskattur félaga dróst lítið eitt saman en eignarskattur stóð í stað.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu á tekjuskatti einstaklinga.

Í milljónum króna	Útkoma 1990	Útkoma 1989	m.kr.	Frávik %
-------------------	----------------	----------------	-------	-------------

Staðgreiðsla þessa árs	31.208	23.181	8.027	34,6
Hluti sveitarfélaga	-12.641	-11.420	-1.221	10,7
Hl. sóknargjalda	-720	-676	-44	6,5
Hl. kirkjugarðsgjalda	<u>-271</u>	<u>-280</u>	<u>9</u>	<u>-0,3</u>
Hluti ríkissjóðs	17.576	10.805	6.771	62,6
Staðgreiðsla fyrri ára	1.209	2.431	-1.222	-50,3
Tekjuskattur	<u>2.250</u>	<u>1.742</u>	<u>508</u>	<u>29,2</u>
Ríkissjóður, brúttó	<u>21.035</u>	<u>14.978</u>	<u>6.057</u>	<u>40,4</u>
Barnabætur og -auki	4.381	3.717	664	17,9
Húsnæðisbætur	654	781	-127	-16,2
Vaxtabætur	1.621	3	1.618	-
Sk.afsl. til gr. útsv. og eign.sk.	<u>2.734</u>	<u>2.436</u>	<u>298</u>	<u>12,2</u>
	<u>9.390</u>	<u>6.937</u>	<u>2.453</u>	<u>35,4</u>
Ríkissjóður, nettó	<u>11.645</u>	<u>8.041</u>	<u>3.604</u>	<u>44,8</u>

Til skýringa skal tekið fram að ónýttur vaxtaafsláttur við álagningu 1989 var ekki greiddur út heldur féll sá hluti hans niður sem ekki gekk til greiðslu tekna- og eignaskatts við álagningu. Þetta breyttist með tilkomu vaxtabóta á árinu 1990 í stað vaxtaafsláttar.

Framangreind skipting birtist ekki í fjárlögum og því er ekki hægt að sýna samanburð við þau að þessu leyti.

## Óbeinir skattar

Innheimta óbeinna skatta varð 7,2 milljörðum króna hærri 1990 en 1989 sem er 11,8% aukning. Að raungildi dróst innheimta saman um tæpa 1,3 milljarða króna eða 1,8%. Munar þar mestu að innheimta virðisaukaskatts og söluskatts dróst saman um rúm 5% að raungildi eða 2,2 milljarða króna.

Innflutningsgjöld hækkuðu um 1,3 milljarða króna á milli ára. Þar af hækkuðu tollar um 714 milljónir króna eða 27,4%. Gjöld af bifreiðum hækkuðu um tæpar 160 milljónir króna og innflutningsgjöld af bílum um 177 milljónir króna. Þá hækkaði jöfnunargjald um rúmar 240 milljónir króna á milli ára. Sérstakt kjarnfóðurgjald var felld niður á árinu 1990 en það gjald skilaði 186 milljónum króna árið 1989.

Tekjur af sölu erlends gjaldeyris drógust saman um 265 milljónir króna á milli ára sem skýrist af því að lántökugjald af erlendum lánnum var felld niður frá 1. júní 1989, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1989.

Virðisaukaskattur, sem tekinn var upp í ársbyrjun 1990, og eftirstöðvar söluskatts, skiluðu 37,1 milljarði króna í ríkissjóð á árinu 1990 sem er 2,9

milljörðum króna hærri fjárhæð en söluskattur skilaði á árinu 1989. Raunhæfur samanburður er þó erfiður m.a. vegna þess að virðisaukaskattur hafði í för með sér margþættar breytingar sem erfitt er að bera saman við fyrra skattkerfi. Þá má benda á að með tekjum ársins 1990 er talinn óinnheimtur virðisaukaskattur vegna greiðslufrests í tolli en hann nam í árslok 1990 1,1 milljarði króna. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem áður var dregið frá innheimtum söluskatti, er nú fært gjaldamegin. Þetta framlag nam 1,2 milljörðum króna á árinu 1990.

Í heild innheimtust 40,3 milljarðar króna í virðisaukaskatti á árinu, en þar af voru endurgreiddar 7,6 milljarðar króna, þannig að nettó voru 32,7 milljarðar króna innheimtar í ríkissjóð. Þessu til viðbótar nam innheimtur söluskattur 1990 vegna viðskipta á árinu 1989, 4,4 milljörðum króna.

---

**Í milljónum króna**
**Fjárhæð****Innheimt:**

VSK af innfluttum vörum	21.174
VSK skv. skýrslum	<u>19.171</u>
Virðisaukaskattur, brúttó	<u>40.345</u>

**Endurgreiðsla og útborganir innskatts**

Til fiskverkenda	5.006
Til sláturleyfishafa	847
Til húsbyggjenda	648
Til sveitarfélaga	516
Vegna matvæla	502
Vegna einnota umbúða	56
Til erlendra ferðamanna	52
Til bænda	17
Til björgunarsveita	<u>4</u>
	<u>7.648</u>
Virðisaukaskattur, nettó	<u>32.697</u>

**Aðrar tekjur**

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur drógust saman um 165 milljónir króna á milli ára eða 3,9%. Að raungildi nam samdrátturinn rúmum 800 milljónum króna. Þennan samdrátt má að mestu leyti rekja til lægra vaxtastigs á árinu 1990 borið saman við árið 1989. Þá hafa dráttarvextir af söluskatti eðli málsins samkvæmt dregist saman um rúmar 220 milljónir króna og viðurlög vegna lausafjárstöðu innlánsstofnana hafa lækkað um 200 milljónir króna milli ára. Hins vegar hafa vaxtatekjur af langtímakröfum aukist um 286 milljónir króna milli ára.



Í milljónum króna	1990	1989	Mism	%
Vextir af skammt.kröfum	109	232	(123)	(53,0)
Vextir af langt.kröfum	1.979	1.693	286	16,9
Drv. af álögðum gjöldum	1.796	1.862	(66)	(3,5)
Vegna lausafj.st. innl.st.	46	252	(206)	(81,7)
Aðrar vaxtatekjur	<u>166</u>	<u>222</u>	<u>(56)</u>	<u>(25,2)</u>
	<u>4.096</u>	<u>4.261</u>	<u>(165)</u>	<u>(3,9)</u>

Arðgreiðslur hækkuðu um 911 milljónir króna á milli ára og námu í árslok 1.903 milljónum króna. Helstu frávik eru að Póstur og sími skilaði í ríkissjóð 250 milljónum króna hærri fjárhæð 1990 en 1989. Arðgreiðsla Íslenskra aðalverktaka varð um 200 milljónum króna hærri og hlutdeild í hagnaði Seðlabanka Íslands varð 378 milljónum króna hærri á árinu 1990 en 1989.

Í milljónum króna	1990	1989	Mism.
Afgjöld ríkisjarða	15	13	2
Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	371	345	26
Flugmálastj. Keflavíkurflugvelli	47	32	15
Póstur og sími	500	250	250
Sameign ríkisins <sup>1)</sup>	439	128	311
Arður af hlutabréfum	58	106	-48
Hl. af hagn. Seðlab. Íslands	473	95	378
Lyfjaverslun ríkisins	0	20	-20
Aðrar arðgreiðslur	<u>0</u>	<u>3</u>	<u>-3</u>
	<u>1.903</u>	<u>992</u>	<u>911</u>

1) Arðgreiðslur Ísl. aðalverktaka meðtaldar að fjárhæð 400 m.kr.

## Innheimta og skil á opinberum gjöldum

### Staðgreiðsla:

Í árslok 1990 námu vanskil í staðgreiðslu alls 2,5 milljörðum króna sem er 3,2% af heildarálagningu. Í árslok 1989 námu vanskil 2,0 milljónum króna eða 4,4%.

Í milljónum króna	1990	1989	1988	Samtals
Heildarálagning	<u>30.274</u>	<u>25.482</u>	<u>21.146</u>	<u>76.902</u>
<b>Eftirstöðvar:</b>				
Höfuðstóll	947	422	323	1.692
Dráttarv./viðurlög	<u>334</u>	<u>201</u>	<u>258</u>	<u>793</u>
	<u>1.281</u>	<u>623</u>	<u>581</u>	<u>2.485</u>

Af höfuðstólsskuld eru 70,2% tilkomin vegna áætlana eða 1,2 milljörðum króna.

Í heild er innheimtuárangur í staðgreiðslu góður. Hafa verður í huga að möguleg innheimtuúrræði eru mjög virk og er hægt að grípa til aðgerða snemma ef um vanskil er að ræða. Engu að síður eru dæmi um fyrirtæki í fullum rekstri sem komast upp með að skulda tugmilljónir í staðgreiðslu um lengri eða skemmri tíma án þess að gripið sé til aðgerða. Það fyrirtæki sem skuldaði mest í árslok 1990 skuldaði 28 milljónir króna frá árinu 1989 og tæpar 17 milljónir króna frá árinu 1990. Dæmi er einnig um að fyrirtæki sem nýlega hefur verið úrskurðað gjaldþrota skuldi staðgreiðslu vegna þriggja síðustu ára.

Þrátt fyrir góðan innheimtuárangur telur Ríkisendurskoðun að herða þurfi eftirlit með skilum á staðgreiðslu til að gripið verði strax til innheimtuaðgerða þegar launagreiðendur skila ekki því fé sem þeim er skylt að halda eftir af launum starfsmanna vegna opinberra gjalda. Á þennan hátt er jafnræði aðila einnig tryggt.

## Þinggjöld

Innheimtuhlutfall opinberra gjalda einstaklinga (ríkis- og sveitarsjóðs-gjalda) hefur sífellt farið lækkandi frá árinu 1988 þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Bráðabirgðatölur benda til þess að innheimtuhlutfall höfuðstóls hafi verið um 55% á árinu 1990 sem er nánast sama innheimtuhlutfall og árið 1989. Að teknu tilliti til dráttarvaxta er innheimtuhlutfallið mun lægra eða um 50%. Af álagningu ársins 1990 hafa innheimst tæp 62%

Hjá félögum er innheimtuhlutfallið 1990 svipað og árið 1989 eða um 61% af höfuðstól en ef tekið er tillit til dráttarvaxta er innheimtuhlutfallið um 55%. Af álagningu ársins 1990 innheimtust tæp 72%.

Hvert prósentustig í bættri innheimtu er talið skila 180 - 200 milljónum króna í hærri greiðslum í ríkissjóð. Þess vegna er mikilvægt að herða enn frekar á innheimtuaðgerðum.

## Söluskattur

Eftirstöðvar söluskatts vegna sölu á vöru og þjónustu 1989 og fyrr námu alls 3,2 milljörðum króna þar af eru dráttarvextir 1,7 milljarðar króna. Í árslok 1989 voru sambærilegar tölur 3,6 milljarðar króna og 1,6 milljarðar króna. Verulegur hluti þessara krafna eru skuldir aðila sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta.

Í milljónum króna %	Eftirstöðvar	Í gjaldþr.	
Höfuðstóll	1.491.7	816.9	54,8
Dráttarvextir	<u>1.709.8</u>	<u>989.4</u>	<u>57,9</u>
	<u>3.201.5</u>	<u>1.806.3</u>	<u>56,4</u>

Miðað við reynslu undanfarinna ára er líklegt að rúmlega helmingur eftirstöðvanna sé tapaður. Rúmlega 57% eftirstöðva eru frá árinu 1988 og 1989 en tæp 15% eru eldri en 1985.

Á verðlagi hvers árs	'88-'89	'86-'87	>1985
Höfuðstóll	70.4%	22.5%	7.1%
Dráttarvextir	<u>45.9%</u>	<u>32.6%</u>	<u>21.5%</u>
Samtals	<u>57.3%</u>	<u>27.9%</u>	<u>14.8%</u>

Á árinu innheimtust rúmar 380 milljónir króna upp í eftirstöðvar höfuðstóls. Innheimtir dráttarvextir námu 168 milljónum króna. Samtals hafa því innheimst 548 milljónir króna upp í vanskil fyrri ára á árinu 1990.

### Virðisaukaskattur

Ríkisendurskoðun kannaði í byrjun apríl 1991 hverjar væru eftirstöðvar virðisaukaskatts frá árinu 1990. Í ljós kom að nettó skuldir námu 1,8 milljörðum króna.

Í milljónum. kr.	Höfuðstóll	Dráttarv.	Kostnaður	Samtals
Skuldir	1.542.6	424.6	4.1	1.971.3
Inneignir	<u>- 145.6</u>	<u>- 2.1</u>	<u>—</u>	<u>- 147.7</u>
	<u>1.397.0</u>	<u>422.5</u>	<u>4.1</u>	<u>1.823.6</u>

Skuldir þeirra aðila, sem skulduðu yfir eina milljón króna hver námu alls 1,2 milljörðum króna. Þrátt fyrir að verulegur hluti eftirstöðvanna séu áætlanir, jafnvel 65-70%, er hér um mjög alvarlega þróun að ræða strax á fyrsta ári virðisaukaskatts.

### Skuldir gjaldþrota aðila

Í ríkisreikningi 1988 var í fyrsta sinn lagt mat á möguleika á innheimtu eftirstöðva ríkissjóðstekna. Var það mat byggt á upplýsingum innheimtu-embætta um skuldir þeirra aðila sem voru í gjaldþrotaskiptum um áramót og aðilum er gjaldþrotaskiptum var lokið hjá. Bráðabirgðatölur ársins 1990 sýna að skuldir framangreindra aðila voru í árslok 1990 alls um 5,4 milljarðar króna.

Í milljónum kr.	Höfuðstóll	Dráttarv.	Samtals
Staðgreiðsla	725.7	339.8	1.065.5
Þinggjöld einstaklinga	327.1	151.8	479.0
Þinggjöld félaga	860.1	535.1	1.395.2
Söluskattur	816.9	989.4	1.806.3
Launaskattur	203.0	314.4	517.4
Vörugjald	<u>47.6</u>	<u>56.5</u>	<u>104.1</u>
	<u>2.980.4</u>	<u>2.387.0</u>	<u>5.367.5</u>

Miðað við þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar niðurfærslu í ríkisreikningi gæti hún í lok ársins 1990 verið orðin um 4,0 milljarðar króna á móti 3,0 milljörðum króna í árslok 1989. Viðbótartap ríkissjóðs á árinu 1990 vegna gjaldþrota fyrirtækja og einstaklinga yrði því um 1,0 milljarður króna og er þá ekki tekið tillit til þeirra krafna í virðisaukaskatti sem hugsanlega eru tapaðar.

### Skil á innheimtufé

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga 1989 kom fram að Gjaldheimtan í Reykjavík skuldaði 106 milljónir króna í ríkissjóð. Hið rétta er að um er að ræða skuld borgarsjóðs vegna ágreinings um uppgjör á staðgreiðslu. Beðist er velvirðingar á þessu.

## Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs árið 1990

Ríkisendurskoðun athugði sérstaklega þróun launakostnaðar hjá þeim A-hluta stofnunum sem Launaskrifstofa ríkisins annast afgreiðslu á. Aflað var upplýsinga um fjölda greiddra mánaðarlauna, greidda dagvinnu og fjölda yfirvinnustunda. Þessar upplýsingar voru umreiknaðar í stöðugildi.

Árið 1990 var heildarfjöldi reiknaðra stöðugilda 16.476 en var 15.840 árið 1989. Fjölgunin nemur 636 stöðugildum eða 4%. Til samanburðar fjölgaði stöðugildum um 0.4% frá árinu 1988 til 1989. Mánaðar- og dagvinnulaun svara til 13.100 stöðugilda árið 1989 en til 13.593 stöðugilda árið 1990. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu stöðugilda eftir uppruna árin 1989 og 1990.

Stöðugildi	1990	1989	Breyt. í stg.	Breyt. í %.
Mánaðarlaun	12.991	12.483 <sup>1)</sup>	508	4,1
Dagvinnulaun	602	617	- 15	- 2,4
Yfirvinna	<u>2.883</u>	<u>2.740</u>	<u>143</u>	<u>5,2</u>
	<u>16.476</u>	<u>15.840</u>	<u>636</u>	<u>4,0</u>

1) Til samræmis við skráningu launa annarra stofnana var skráning á fjölda stöðugilda starfsmanna Ríkisspítalanna sem skráð voru á launategund 111, en voru í barnsburðarleyfi eða í lengri veikindaleyfum árin 1989 og 1990, leiðrétt. Af því leiðir að reiknuðum stöðugildum mánaðarlaunafólks árið 1989 fækkar um 65 og verða 12.483 í stað 12.548

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 var gert ráð fyrir um 160 nýjum stöðum hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs, en í meðförum Alþingis bættust við 52 stöðugildi. Að auki bættust við starfsmenn vegna gildistöku laga nr. 87/1989 um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og er áætlað að fjöldi þeirra hafi numið um 250 stöðugildum. Loks var ungingaheimili ríkisins flutt frá B-hluta til A-hluta ríkissjóðs í fjárlögum 1990 jafnframt því sem sett var á stofn meðferðarheimili fyrir unga fíkniefna-neytendur. Þær breytingar leiddu til fjölgunar starfsmanna um 28 stöðugildi. Alls má því gera ráð fyrir að í fjárlögum ársins 1990 hafi beint og óbeint verið gert ráð fyrir að fjölga starfsmönnum A-hluta stofnana ríkisins um 490 stöðugildi.

Raunveruleg fjölgun mánaðar- og dagvinnufólks svaraði til 493 stöðugilda.

Ef að auki er gert ráð fyrir að nýir starfsmenn vinni hlutfallslega jafn mikla yfirvinnu og þeir er fyrir voru, má ætla að sú yfirvinnuaukning svari til 114 stöðugilda. Inn í þeirri aukningu er meðtalin aukning á kennslumagni, sem áætlað var að myndi leiða af fjölgun nemenda á grunnskólastigi.

Raunveruleg aukning yfirvinnu svaraði til 143 stöðugilda, sem er 29 stöðugildum meiri en gera hefði mátt ráð fyrir.

Samtals má áætla að í fjárlögum ársins 1990 hafi verið gert ráð fyrir að aukning greiddra vinnustunda hjá A-hluta ríkisins hafi numið 604 stöðugildum.

Athugun Ríkisendurskoðunar gefur til kynna að sú fjölgun starfsmanna A-hluta ríkisins, sem varð árið 1990, hafi verið svo til innan þess ramma sem fjárlög mörkuðu. Því virðist sem tekist hafi að girða fyrir þá sjálfvirku útpenslu á starfsmannahaldi ríkisins, sem komið hefur fram í fyrri könnunum Ríkisendurskoðunar á breytingum á fjölda starfsmanna ríkisins.

Á árinu 1990 fjölgaði greiddum vinnustundum mest hjá stofnunum innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins eða um 264 stöðugildi, sem er 7,2 % aukning frá fyrra ári. Hjá stofnunum innan menntamálaráðuneytisins fjölgaði um 211 stöðugildi, sem er 3,6 % aukning frá fyrra ári. Helstu ástæður fyrir þessari aukningu eru breytingar á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Heildarlaunagreiðslur sem Launaskrifstofa ríkisins annaðist árið 1990 námu 24,0 milljörðum króna en 20,6 milljörðum króna árið á undan. Hækkunin nemur 3,4 milljörðum kr. eða 16,4 %. Sú hækkun svarar til 5,0% raunaukningar á milli ára. Raunaukning launagjalda frá árinu 1988 til ársins 1989 var hins vegar 1,0 %.

## A-hluta stofnanir sem fóru meira en 5 milljónir króna fram úr fjárheimildum ársins 1990

Hér á eftir verður fjallað um þær stofnanir í A-hluta fjárlaga á árinu 1990 sem fóru 5,0 milljónir króna eða meira umfram fjárheimildir, þ.e. heimildir fjárlaga með breytingum skv. fjárukalögum nr. 72/1990 og fjárukalögum nr. 105/1990.

Umframgreiðslur stofnana í A-hluta fjárlaga námu í heild sinni 620 milljónum króna eða 1,4% af heimildum þeirra stofnana. Á árinu 1989 námu greiðslur umfram heimildir 1,7 milljörðum króna eða 2,7% af fjárheimildum þeirra stofnana. Á móti umframgreiðslum á árinu 1990 voru óhafin framlög stofnana að fjárhæð 1,4 milljarðar króna eða sem svarar til 2,9% af heimildum þeirra stofnana. Á árinu 1989 námu óhafin framlög stofnana 627 milljónum króna eða 3,2% af fjárheimildum þeirra stofnana.

Umframgreiðslur stofnana sem fóru 5,0 milljónir króna eða meira umfram fjárheimildir námu alls 433,6 milljónum króna en umframgreiðslur mældar með sama hætti námu á árinu 1989 1.346,4 milljónum króna.

Á þessum samanburði sést að áætlanir fjárlaga eru nú raunhæfari en verið hefur undanfarin ár. Þannig nam frávik útgjalda frá fjárlögum 9,6 milljörðum króna á árinu 1989 en greiðslur umfram fjárveitingar fjárlaga námu 1,7 milljörðum króna á árinu 1990.

Af þeim 32 stofnunum sem fóru 5,0 milljónir króna eða meira umfram fjárheimildir ársins 1990 eru 12 á sams konar yfirliti fyrir árið 1989. Auk þess sá Ríkisendurskoðun ástæðu til að birta athugasemdir varðandi rekstur 13 þessarar stofnana í endurskoðun ríkisreiknings fyrir árin 1987 og 1988. Sömu stofnanir fara þannig fram úr heimildum ár eftir ár.

Þrátt fyrir að fjárlagagerðin hafi batnað telur Ríkisendurskoðun að í kjölfar aukins fjárhagslegs forræðis ríkisstofnana og þeirra ráðuneyta er þær heyra undir beri að gera strangari kröfur en áður til stjórnenda ráðuneyta og stofnana um að halda rekstrinum innan þess ramma sem fjárlög marka hverju sinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því hvaða stofnanir fóru 5,0 milljónir króna eða meira fram úr heimildum og helstu ástæðum umframgreiðslna eftir ráðuneytum. Ennfremur eru tilgreindar skýringar Ríkisendurskoðunar á þeim greiðslum sem voru umfram heimildir hjá einstaka stofnunum.

### Menntamálaráðuneyti



Greiðslur umfram fjárheimildir námu alls 205,6 milljónum króna hjá menntamálaráðuneytinu. Umframgreiðslur þeirra stofnana sem fóru meira en 5,0 milljónir króna fram úr heimildum námu 138,4 milljónum króna og eru aðallega vegna framhaldsskóla og rannsóknastofnana.

### Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Greiðslur til stofnunarinnar námu 77,0 milljónum króna og fóru 20,6 milljónir króna fram úr heimildum. Frávik frá fjárheimildum liggur að mestu leyti í launagjöldum eða 15,5 milljónir króna. Önnur gjöld að frádregnum sértekjum fóru 5,0 milljónum króna fram úr heimildum og skýrast af hærri viðhaldskostnaði en ráð var fyrir gert í endanlegum fjárveitingum til stofnunarinnar.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	66.914	51.393	15.521	30,2%
Ýmis gjöld að frádregnum sértekjum	10.124	5.091	5.033	98,9%
	77.038	56.484	20.554	36,4%

Föst mánaðarlaun stofnunarinnar svara til 40,8 stöðugilda og dagvinnulaun til 1,3 stöðugilda. Heimiluð stöðugildi stofnunarinnar eru 35,1 og því eru 7,0 stöðugildi umfram heimildir fjárlaga. Stöðugildum hefur fjölgað um 2,6 frá fyrra ári. Hluti launagreiðslna er viðskiptafærður hjá tilraunastöðinni þar sem sértekjur eiga að standa að nokkru leyti undir rekstrarkostnaði hennar. Viðskiptareikningar stofnunarinnar við ríkissjóð stóð í 24,2 milljónum króna í árslok 1989 og hefur staðan versnað á árinu 1990 um tæpa eina milljón króna. Fjármálaráðuneytið hefur ekki innheimt þessa skuld undanfarin ár vegna viðvarandi greiðsluferfiðleika stofnunarinnar, sem m.a. stafa af vanskilum fiskeldisfyrirtækja og samdrætti í sölu á bóludefni.

Stofnunin hefur farið fram úr fjárheimildum á undanförunum árum og er skuldastaða gagnvart ríkissjóði orðin slæm. Miðað við óbreyttar tekjur og framlög til stofnunarinnar verður vart séð að stöðin komist út úr þeim fjárhagsvanda sem hún er komin í. Sérstakar ráðstafanir eru því nauðsynlegar til að koma fjárhag hennar í eðlilegt horf til að tryggja að rekstri hennar verði haldið innan ramma fjárlaga.

### Raunvísindastofnun Háskóla Íslands

Rekstur Raunvísindastofnunar fór 5,8 milljónir króna fram úr heimildum en alls námu laun og önnur rekstrargjöld stofnunarinnar 108,2 milljónum króna. Sem fyrr voru það launagjöld sem fóru fram úr fjárheimildum eða alls um 17,0 milljónir króna. Önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru innan heimilda ársins þar sem sértekjur

stofnunarinnar voru verulega hærri en ráð var fyrir gert eða sem nemur 42,5 milljónum króna.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	108.865	91.899	16.966	18,5%
Ýmis gjöld	53.318	39.195	14.123	36,0%
Eignakaup	18.385	1.862	16.523	887,4%
Tilfærslur	677	0	677	--
Sértekjur	-73.000	-30.536	-42.464	139,1%
	108.245	102.420	5.825	5,7%

Raunvísindastofnun fer nær árlega umfram heimildir fjárlaga og virðist sem áætlanir fjárlaga séu ekki í neinum takt við rekstur stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að samræma áætlanir fjárlaga og raunverulegt rekstrarumfang Raunvísindastofnunar.

### Kennaraháskóli Íslands

Rekstrargjöld Kennaraháskólans fóru um 7,5 milljónir króna fram úr heimildum á árinu 1990 og skýrast umframgreiðslur aðallega af launagjöldum. Launagjöld fóru um 5,0 milljónir króna fram úr heimildum sem er mun minna frávik en verið hefur undanfarin ár.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	168.121	163.073	5.048	3,1%
Ýmis gjöld	56.702	55.349	1.353	2,4%
Eignakaup	1.426	1.862	-436	-23,4%
Tilfærslur	7.140	2.332	4.808	206,2%
Sértekjur	-7.401	-4.116	-3.285	79,8%
	225.988	218.500	7.488	3,4%

Gert var sérstakt átak í að koma málum Kennaraháskólans í viðunandi horf. Ráðinn var fjármálastjóri við skólann sem beitti sér fyrir auknu aðhaldi auk þess sem fjárveitingar til skólans á fjárlögum fyrir árið 1990 voru auknar. Þessar aðgerðir hafa skilað árangri. Frávik launakostnaðar frá fjárheimildum skýrist af annarri samsetningu launakostnaðar en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Þannig eru útgjöld vegna yfirvinnu fastra kennara meiri en ráð var fyrir gert en á móti er kostnaður vegna stundakennslu minni en áætlað var. Rekstrargjöld fóru 1,4 milljónir króna fram úr fjárheimildum og er þar aðallega um almenna rekstrarliði að ræða. Dagpeningar og ferðafé þeirra sem voru í rannsóknarorlofum urðu hærri en fjárheimild en þar er um að ræða útgjaldalið sem bundinn er ákvæðum kjarasamninga. Loks jukust sértekjur skólans verulega.

### Menntaskólinn við Hamrahlíð

Greiðslur til skólans námu 165,3 milljónum króna og fóru 12,2 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Umframgreiðslur má aðallega rekja til

launagjalda sem fóru um 15,0 milljónir króna fram úr heimildum. Nemandafjöldi var í samræmi við áætlanir en að sögn forsvarsmanna skólans voru launagjöld vanmetin við gerð fjárlaga. Önnur rekstrargjöld skólans að frádregnum sértekjum voru innan marka fjárheimilda.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	149.760	134.742	15.018	11,1%
Ýmis gjöld	21.639	26.302	-4.663	-17,7%
Eignakaup	1.739	1.294	445	34,4%
Tilfærslur	244	0	244	--
Sértekjur	-8.071	-9.182	1.111	-12,1%
	165.311	153.156	12.155	7,9%

### Fjölbrautarskólinn í Breiðholti

Stofnunin fór verulega fram úr fjárheimildum á árinu eða um 45,6 milljónir króna og er það aðallega vegna launa. Launagjöld skólans fóru um 43,9 milljónir króna fram úr fjárheimildum eða sem svarar til 19%. Frávik launagjalda frá fjárheimildum skýrist fyrst og fremst af mun meira kennslumagni en heimildir voru fyrir í fjárlögum og reglur menntamálaráðuneytisins gera ráð fyrir. Ríkisendurskoðun bendir á að rekstur fjölbrautarskólans fór einnig umtalsvert fram úr fjárheimildum á árinu 1989 og telur hún að gera þurfi ráðstafanir til þess að rekstur skólans haldist innan ramma fjárlaga.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	274.797	230.869	43.928	19,0%
Ýmis gjöld að frádregnum sértekjum	414	-1.237	1.651	--
	275.211	229.632	45.579	19,8%

### Fjölbrautarskólinn í Garðabæ

Greiðslur til skólans námu 88,5 milljónum króna og fóru um 7,6 milljónir króna fram úr heimildum. Umframtgreiðslur voru aðallega vegna launa eða sem nemur 9,7 milljónum króna. Önnur rekstrargjöld skólans voru innan marka fjárheimilda.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	72.947	63.232	9.715	15,4%
Ýmis gjöld að frádregnum sértekjum	15.493	17.607	-2.114	-12,0%
	88.440	80.839	7.601	9,4%

Nemandafjöldi Fjölbrautarskólans í Garðabæ er mun meiri en áætlað var og hefur svo verið frá stofnun skólans. Þetta hefur leitt til þess að kostnaður við kennslu svo og rekstrarkostnaður hefur verið hærri en áætlað

hefur verið í fjárlögum. Þá reyndist kostnaður vegna veikinda og barnsburðarleyfa meiri en ráð var fyrir gert.

### Meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur

Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að setja á stofn meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur. Fjárveiting til heimilisins nam 20,7 milljónum króna sem var ekki skilgreind nánar.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	6.653	0	6.653	--
Ýmis gjöld	25.517	20.700	4.817	23,3%
Eignakaup	2.998	0	2.998	--
Sértekjur	-377	0	-377	--
	34.791	20.700	14.091	68,1%

Launagreiðslur urðu alls 6,6 milljónir króna og gjöld vegna rekstrar og eignakaupa námu alls 28,5 milljónum króna. Umframgreiðslur skýrast af kostnaði við breytingar og endurbætur á húsnæði meðferðarheimilisins sem keypt var á árinu og taldar voru nauðsynlegar til þess að starfsemin gæti hafist.

### Þjóðminjasafn Íslands

Greiðslur til Þjóðminjasafnsins námu 74,1 milljón króna og fóru 10,3 milljónir króna umfram fjárheimildir eða sem nemur 16,1%. Kostnaður við rekstur safnsins hefur á liðnum árum nær alltaf farið á milli 20 til 30% fram úr fjárheimildum en við fjárlagagerð ársins 1990 var reynt að taka mið af raunverulegum rekstrarkostnaði safnsins.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	40.148	34.670	5.478	15,8%
Ýmis gjöld	33.561	29.676	3.885	13,1%
Eignakaup	1.396	0	1.396	--
Sértekjur	-1.033	-548	-485	88,5%
	74.072	63.798	10.274	16,1%

Launagjöld fóru 5,5 milljónir króna fram úr heimildum og stafar aðallega af fornleifauppgreftri á Bessastöðum en það verk var unnið í tengslum við byggingaframkvæmdir þar. Þjóðminjasafnið réð fólk til verksins og hefur greitt kostnað af því en Bessastaðanefnd mun hins vegar endanlega bera þennan kostnað. Nefndin á eftir að greiða safninu 4,9 milljónir króna vegna útlagðs kostnaðar á árinu 1990. Þá reyndist kostnaður við bráðabirgðaviðhald hússins við Suðurgötu töluvert meiri en endanlegar fjárveitingar gerðu ráð fyrir, en svo sem kunnugt er er byggingin í mjög slæmu ástandi. Að öðru leyti reyndist starfsemi safnsins meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Undanfarin ár hefur reynst erfitt að aðlaga starfsemina þeim stakk sem fjárlög hafa sniðið henni.

## Náttúruverndarráð

Greiðslur til Náttúruverndarráðs fóru 6,6 milljónir króna fram úr heimildum og er það nær eingöngu vegna launa. Laun á skrifstofu fara árlega fram úr því sem fjárveitingar gera ráð fyrir þar sem heimilaðar stöður eru tvær þó fjórar stöður séu setnar. Yfirvinna var einnig mjög mikil vegna Náttúruverndarþings sem haldið er þriðja hvert ár. Þá hefur starfsemi á friðlýstum svæðum vaxið með auknum fjölda ferðamanna. Rekstrar-kostnaður var innan ramma fjárlaga og sértekjur voru nálægt því sem gert var ráð fyrir í fjárheimildum.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	26.315	19.854	6.461	32,5%
Ýmis gjöld	37.039	39.162	-2.123	-5,4%
Eignakaup	1.985	1.604	381	23,8%
Tilfærslur	2.188	0	2.188	--
Sértekjur	-18.415	-18.159	-256	1,4%
	49.112	42.461	6.651	15,7%

## Þjóðleikhúsið

Fjárheimild stofnunarinnar nam 196,0 milljónum króna en greiðslur námu 204,2 milljónum króna þannig að framlag til reksturs Þjóðleikhússins fór 8,2 milljónir króna fram úr fjárheimildum eða sem nemur 4,2%. Starfsemi Þjóðleikhússins var svo sem kunnugt er í lágmarki á liðnu ári vegna breytinga á húsinu.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Tilfærslur	204.239	196.000	8.239	4,2%
	204.239	196.000	8.239	4,2%

## **Utanríkisráðuneyti**

Umframgreiðslur áttu sér stað vegna sendiráðs Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu og skýrast þær aðallega af hærra gengi þýska marksins en áætlað var fyrir svo og misræmi í forsendum fjárlaga varðandi launadreifingu hjá sendiráðunum. Alls námu umframgreiðslur hjá utanríkisráðuneytinu 22,5 milljónum króna.

## Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu

Áætluð útgjöld sendiráðsins námu 24,9 milljónum króna á árinu 1990 og fóru 5,3 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Hluti framlags til sendiráða er áætlað og á eftir að færa sem nemur þriggja mánaða framlagi niður á laun

og önnur rekstrargjöld og liggur endanleg skipting kostnaðar á þessa útgjaldaliði því ekki fyrir.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	17.395	14.100	3.295	23,4%
Ýmis gjöld	7.576	5.506	2.070	37,6%
Eignakaup	9	0	9	--
Sértekjur	-134	0	-134	--
	24.846	19.606	5.240	26,7%

Gengi þýska marksins var að jafnaði 9,4% hærra á síðast liðnu ári en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og eru 2,0 milljónir króna af útgjöldum sendiráðsins umfram heimildir tilkomnar af þeirri ástæðu. Jafnframt er áætlað að launagjöld hafi farið 2,3 milljónum króna fram úr fjárheimildum ársins og önnur gjöld um 1,0 milljón króna. Frávik launagjalda frá fjárheimildum skýrist af breyttum forsendum fyrir launagjöldum sendiráðsins sem hafa leitt til þess að áætlanir þar af lútandi hafa ekki staðist. Launakostnaður sendiráðsins í Bonn umfram heimildir er veginn upp með lækkun launagjalda í öðrum sendiráðum. Umdæmi sendiráðsins stækkaði ennfremur töluvert á árinu 1990 sem kemur fram í auknum rekstrargjöldum sé miðað við fyrri ár.

### Landbúnaðarráðuneyti

Umframgreiðslur hjá stofnunum landbúnaðarráðuneytisins námu alls 31,7 milljónum króna. Umframgreiðslur þeirra stofnana er fóru meira en 5,0 milljónum króna fram úr heimildum námu 20,6 milljónum króna og skiptast 13,8 milljónir króna á milli Skógræktar ríkisins og Veiðimálastofnunar aðallega vegna launa. Tilfærslur vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðar-afurðir fóru 6,8 milljónir króna fram úr heimildum.

### Skógrækt ríkisins

Greiðslur til Skógræktar ríkisins námu alls 88,0 milljónum króna og voru það 6,5 milljónum króna umfram heimildir. Veittar voru 73,0 milljónir króna til stofnunarinnar á fjárlögum ársins 1990. Fjárheimild stofnunarinnar nam 81,5 milljónum króna en veittar voru 2,0 milljónir króna á fjárukalögum til greiðslu biðlauna starfsmanna vegna flutnings stofnunarinnar að Hallormsstað. Þá var launaliður stofnunarinnar hækkaður um 4,3 milljónir króna með tilfærslu af liðnum 07-981 Vinnumál, vegna sumarvinnu skólafólks.

Frávik gjalda frá fjárheimildum má að meginhluta rekja til flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað. Alls nam kostnaður vegna greiðslu biðlauna til starfsmanna á aðalskrifstofu í Reykjavík 4,1 milljón króna eða 2,1 milljón króna umfram heimildir. Stofnkostnaður við flutning aðalskrifstofunnar reyndist auk þess 1,2 milljónum króna hærri en ráð var

fyrir gert en hann nam alls um 7,2 milljónum króna. Skógræktin fjármagnaði ennfremur öll erlend frækaup að fjárhæð 2,7 milljónir króna þar sem kostnaður rannsóknaverkefnis rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins fór fram úr fjárheimildum ársins. Föst mánaðarlaun svara til 23,4 stöðugilda og dagvinnulaun svara til 46,1 stöðugildis. Laun stofnunarinnar svara alls til 69,5 stöðugilda þar með talin biðlaun starfsmanna og hafa aukist um 3,4 stöðugildi á milli árána 1989 og 1990.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	86.005	65.002	21.003	32,3%
Önnur gjöld	2.051	16.519	-14.468	-87,6%
Laun og önnur gjöld	88.056	81.521	6.535	8,0%

Frávik launa- og rekstrargjalda frá fjárheimildum skýrist að meginhluta af þeim kostnaði sem unnin er af framlagi sem stofnunin fær frá fjárlagalið 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Laun og annar kostnaður vegna þeirrar áætlunar er færður sem slíkur hjá stofnuninni og framlagið tekjufært á móti. Þannig myndast frávik bæði tekna- og gjaldamegin frá fjárheimildum. Framlag til Skógræktar ríkisins samkvæmt þessari áætlun nam 15,3 milljónum króna á fjárlögum ársins 1990. Ríkisendurskoðun telur eðlilegra að slík framlög verði færð hjá viðkomandi stofnun í stað þess að færast sem tilfærslur á sérstakan fjárlagalið.

### Veiðimálastofnun

Fjárheimild Veiðimálastofnunar nam 50,1 milljón króna en áformaðar voru 38,0 milljónir króna til reksturs hennar á fjárlögum ársins 1990. Veitt var 3,0 milljóna króna fjárveiting á fjárukalögum vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika stofnunarinnar, en nú er að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins unnið að sérstakri úttekt á rekstri Veiðimálastofnunar. Auk þessa var veitt 8,0 milljóna króna stofnframlag til uppbyggingar á ferskfiskrannsóknum í Kollafirði.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	41.441	33.635	7.806	23,2%
Ýmis gjöld að frá- dregnum sértekjum	3.538	285	3.253	--
Tilfærslur	12.369	16.153	-3.784	-23,4%
	57.348	50.073	7.275	14,5%

Greiðslur til Veiðimálastofnunar námu 57,3 milljónum króna eða 7,3 milljónum króna umfram heimildir. Umframgreiðslur skýrast af launagjöldum stofnunarinnar en þau námu 41,4 milljónum króna og fóru 7,8 milljónum króna fram úr heimildum. Föst mánaðarlaun svara til 24,7 stöðugilda og dagvinnulaun til 1,3 stöðugilda. Í fjárlögum er heimild fyrir 18,0 stöðugildum og voru því 8,0 stöðugildi umfram heimildir fjárlaga á árinu. Annar rekstrarkostnaður stofnunarinnar var innan fjárheimilda á árinu.

## Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir fóru 6,9 milljónir króna fram úr heimildum en þær námu alls 829,6 milljónum króna. Stærstur hluti greiðslna fór til uppbóta á útflutningi dillkakjots eða 436,1 milljón króna. Kaup- og leigugreiðslur á fullvirðisrétti vegna búvörusamningsins námu 194,7 milljónum króna og greiðslur til ráðstöfunar á innmat af framleiðslu ársins námu 54,4 milljónum króna. Veitt var 71,0 milljón króna fjárveiting til þessara verkefna á fjárukalögum ársins 1990.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Uppbætur	829.632	822.770	6.862	0,8%
Framleiðnisjóður	591.720	591.810	-90	0,0%
	1.421.352	1.414.580	6.772	0,5%

Á árinu 1990 tók ríkissjóður lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 328 milljónir króna vegna gjaldfallinna útflutningsbóta á árinu. Ríkisendurskoðun telur að þessi fjárhæð eigi að gjaldfærast á framlagsreikning hjá landbúnaðarráðuneytinu á árinu 1990 í stað þess að vera viðskiptafært.

Greiðslur til framleiðnisjóðs landbúnaðarins námu 591,7 milljónum króna og voru innan fjárheimilda. Fjárveiting til sjóðsins var skert um 10,0 milljónir króna í fjárukalögum ársins.

## **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

Greiðslur umfram heimildir námu alls 46,0 milljónum króna og eru 24,9 milljónir króna vegna rekstrargjalda og eignakaupa þeirra þriggja stofnana, sem undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið heyrir, er fóru 5,0 milljónir króna eða meira fram úr fjárheimildum. Frávik þeirra stofnana sem fóru minna en 5,0 milljónir króna fram úr heimildum nam 21,1 milljón króna.

## Borgarfégetinn í Reykjavík

Embætti Borgarfégetans í Reykjavík fór 9,7 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Stærstur hluti fráviksins skýrist af launagjöldum eða 5,0 milljónir króna. Heimild var fyrir 31 stöðugildi fastráðinna starfsmanna og 6 tímabundnum stöðum í tengslum við tölvuvæðingu embættisins. Alls svara föst stöðugildi embættisins til 37,7 stöðugilda og laun í dagvinnu til 5,8 stöðugilda en það eru 6,5 stöðugildi umfram heimildir. Stöðugildum hefur fjölgað um 0,9 frá fyrra ári.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	63.951	58.912	5.039	8,6%
Ýmis gjöld	30.396	25.981	4.415	17,0%
Eignakaup	0	58	-58	--
Sértekjur	-20	-342	322	-94,2%



94.327	84.609	9.718	11,5%
--------	--------	-------	-------

Rekstrarkostnaður embættisins fór um 4,4 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Greiðslur umfram heimildir skýrast annars vegar af kostnaði við breytingar á því húsnæði sem embættið fékk á árinu 1990 og hins vegar af auknum húsaleigukostnaði vegna stækkunar húsnæðisins. Kostnaður sá sem rekja má til lagfæringanna nam 2,5 milljónum króna á árinu og greiðslur fyrir húsaleigu námu alls 3,5 milljónum króna. Fjárveiting að fjárhæð 1,7 milljónir króna var veitt í fjáráukalögum vegna húsnæðisbreytinganna en fjárveiting til kaupa á tækjum og búnaði var skert um 2,0 milljónir króna frá upphaflegum fjárlögum ársins 1990.

### Landhelgisgæsla Íslands

Fjárheimildir stofnunarinnar námu 558,5 milljónum króna en það er 28,3 milljónum króna hærrí fjárveiting en veitt var í fjárlögum ársins. Þar af var fjárveiting til reksturs varðskipa og fluggæslu hækkuð um 21,8 milljónir króna vegna hækkunar á eldsneytiskostnaði og öðrum búnaði til reksturs og viðhalds skipanna. Heildargjöld námu 566,6 milljónum króna eða 8,1 milljón króna umfram heimildir.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	275.689	275.057	632	0,2%
Ýmis gjöld	299.161	273.267	25.894	9,5%
Eignakaup	28.222	17.250	10.972	63,6%
Sértekjur	-36.502	-7.056	-29.446	417,3%
	566.570	558.518	8.052	1,4%

Eignakaup fóru tæpar 11,0 milljónir króna fram úr fjárheimildum og skýra að meginhluta frávik hjá stofnuninni. Um var að ræða óvænt útgjöld vegna bilana í loftförum og skipum svo og nauðsynlegt viðhald á tækjum og búnaði sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Kaup á ýmsum tækjum og búnaði nam 15,5 milljónum króna eða 2,6 milljónum umfram heimildir. Kaup á fjarskiptabúnaði og öðrum tækjum í varðskip Landhelgisgæslunnar námu 5,4 milljónum króna eða 3,6 milljónum króna umfram fjárheimildir. Önnur eignakaup fóru 4,8 milljónum króna fram úr heimildum. Fjárveiting Landhelgisgæslunnar til kaupa á tækjum og búnaði var alls skert um 6,8 milljónir króna frá fjárlögum. Lækkun fjárveitingar nam 10,0 milljónum króna en í síðari fjáráukalögum ársins var fjárveiting til tækja og búnaðar hækkuð á ný um 3,2 milljónir króna.

### Löggildingarstofan

Heildargjöld Löggildingarstofunnar fóru 7,1 milljón króna fram úr fjárheimildum. Frávik frá fjárheimildum liggur sem fyrr í launagjöldum eða sem nemur 3,0 milljónum króna. Launakostnaður fjárlaga er miðaður við 7,6 stöðugildi en stöðugildi stofnunarinnar eru hins vegar 9,2. Auk þessa

stendur gjaldskrá stofnunarinnar ekki undir rekstrarkostnaði en samkvæmt fjárlögum eiga tekjur að standa undir rekstri Löggildingarstofnunnar.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	13.738	10.772	2.966	27,5%
Ýmis gjöld að frá- dregnum sértekjum	-4.769	-9.265	4.496	-48,5%
Eignakaup	0	362	-362	--
	8.969	1.869	7.100	379,9%

## Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur hjá félagsmálaráðuneytinu umfram heimildir námu alls 18,1 milljón króna og eru 8,2 milljónir króna vegna Skipulagsstjóra.

### Skipulagsstjóri

Rekstur Skipulagsstjóra er innan fjárheimilda á árinu 1990. Frávik frá heimildum skýrist af óinnheimtum mörkuðum ríkistekjum frá árinu 1989 sem eru viðskiptafærðar hjá stofnuninni. Tekjustofnar Skipulagsstjóra eru tveir. Annars vegar innheimt skipulagsgjald sem innheimt er í ríkissjóð og viðskiptafært á stofnunina og hins vegar framlag ríkissjóðs sem nemur helmingi skipulagsgjalds ársins áður. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1991 eru framlag ríkissjóðs fellt niður þar sem innheimt skipulagsgjald er talið standa að fullu undir rekstri stofnunarinnar.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	23.945	16.240	7.705	47,4%
Ýmis gjöld	39.119	32.017	7.102	22,2%
Eignakaup	6.098	1.294	4.804	371,3%
Tilfærslur	558	19.795	-19.237	-97,2%
Sértekjur	-69.699	-53.027	-16.672	31,4%
	21	16.319	-16.298	
Efnahagur	24.483	0	24.483	
	24.504	16.319	8.185	50,2%

Launagjöld fóru um 7,7 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Stöðugildi Skipulagsstjóra eru 12,8 og eru nær óbreytt frá fyrra ári en fjárlög áætla launagjöld miðað við 10,0 stöðugildi. Sértekjur stofnunarinnar voru áætlaðar 53,0 milljónir króna en innheimt skipulagsgjöld námu 69,7 milljónum króna.

## Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Umframgreiðslur hjá ráðuneytinu námu alls 14,5 milljónum króna og þar af eru 6,3 milljónir króna vegna lægri sértekna Lyfjanefndar en áformað var í fjárlögum.

### Lyfjanefnd

Fjárheimildir gera ráð fyrir að stofnunin skili 7,7 milljónum króna í ríkissjóð á árinu 1990. Tekjur umfram gjöld námu hins vegar 1,4 milljónum króna eða 6,3 milljónum króna lægri fjárhæð en áætlað var fyrir. Samkvæmt 30. grein lyfjalaga skal kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þ.m.t. laun nefndarmanna, borin af skráningar- og árgjöldum lyfja. Sértekjur eiga því að standa undir öllum rekstri lyfjanefndar.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	9.222	7.905	1.317	16,7%
Ýmis gjöld	4.739	3.840	899	23,4%
Eignakaup	0	206	-206	--
Sértekjur	-15.324	-19.610	4.286	-21,9%
	-1.363	-7.659	6.296	82,2%

Tekjur Lyfjanefndar af skráningu og árgjöldum lyfja urðu alls 4,3 milljónum króna lægri en ráð var fyrir gert. Launagjöld Lyfjanefndar námu 9,2 milljónum króna og fóru um 1,3 milljónir króna fram úr fjárheimildum. Stöðugildi nefndarinnar voru 3,3 á árinu og nefndar- og stjórnarlaun námu 883 þúsundum króna. Rekstrarkostnaður nam 4,7 milljónum króna og fór tæp 900 þúsundir króna fram úr heimildum. Stærsti gjaldaliðurinn var vegna ferðakostnaðar erlendis en hann nam 1,9 milljónum króna.

## Fjármálaráðuneyti

Umframgreiðslur námu alls 182,3 milljónum króna og er stærstur hluti fráviksins vegna gjaldheimtna, innheimtukostnaðar og ýmissa fasteigna ríkissjóðs. Það frávik skýrist meðal annars af því að heildarkaupverð fasteigna er gjaldfært þótt hluti kaupverðs sé fjármagnaður með lántökum. Frávik þeirra stofnana sem fóru minna en 5,0 milljónir króna fram úr fjárheimildum nam 1,3 milljónum króna.

## Gjaldheimtur og innheimtukostnaður

Fjárheimild vegna innheimtukostnaðar nam 76,1 milljón króna og hefur hann hækkað um 34,4 milljónir króna frá samþykkt fjárlaga. Liðurinn innheimtukostnaður var hækkaður um 30,0 milljónir króna vegna vanáætlunar á innheimtukostnaði vegna hinna nýju skattkerfa og aukins kostnaðar vegna hertra innheimtuaðgerða. Auk þessa voru millifærðar rúmar 3,0 milljónir króna af fjárlagalið 09-998 Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra. Hækkunin hefur ekki reynst nægjanleg þar sem kostnaður fór um 11,0 milljónir króna fram úr fjárheimildum en alls nam ýmis innheimtukostnaður 87,1 milljón króna.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	3.853	4.522	-669	-14,8%
Ýmis gjöld	83.204	71.540	11.664	16,3%
Eignakaup	10	0	10	--
	87.067	76.062	11.005	14,5%

Kostnaður skiptist eftirfarandi: Ýmis innheimtukostnaður nam 73,0 milljónum króna, kostnaður vegna sérstakra innheimtuaðgerða nam 1,0 milljón króna en veittar voru 5,0 milljónir króna til þess verkefnis á fjárlögum. Kostnaður við þungaskattsálagningu með ökumælum nam 13,0 milljónum króna sem veittar voru 4,0 milljónir króna til á fjárlögum.

### Gjaldheimtan í Reykjavík

Fjárheimild Gjaldheimtunnar í Reykjavík nam 67,2 milljónum króna en greiðslur til hennar námu 87,3 milljónum króna eða 20,1 milljón króna hærri fjárhæð en áætlað var fyrir í fjárlögum. Samkvæmt niðurstöðu rekstrar fyrir árið 1990 er ljóst að hluti ríkissjóðs í kostnaði við rekstur embættisins verður um 78,0 milljónir króna eða 10,8 milljónum króna umfram heimildir. Hluti Reykjavíkurborgar og skuld hennar við ríkissjóð nemur því 9,3 milljónum króna vegna ársins 1990. Kostnaður embættisins virðist því hafa verið verulega vanáætlaður en svo var einnig raunin á árinu 1989.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	3.336	6.320	-2.984	-47,2%
Ýmis gjöld/tilfærslur	84.005	60.878	23.127	38,0%
	87.341	67.198	20.143	30,0%

### Gjaldheimta Suðurnesja

Greiðslur til Gjaldheimtunnar á Suðurnesjum námu 11,1 milljón króna og fóru 7,0 milljónum króna fram úr fjárheimildum og virðist um að ræða vanáætlanir á fjárlögum ársins 1990. Kostnaður við þetta viðfangsefni var áður færður á ýmsan innheimtukostnað og er fjárheimild gjaldheimtunnar flutt af þeim fjárlagalið.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Ýmis gjöld/tilfærslur	11.066	4.075	6.991	171,6%
	11.066	4.075	6.991	171,6%

### Uppbætur á lífeyri

Fjárheimild ársins nam 666,1 milljón króna eða 119,1 milljón króna hærri fjárhæð en veitt var til verkefnisins á fjárlögum ársins. Greiðslur námu alls 672,2 milljónum króna og námu uppbætur á lífeyri 618,7 milljónum króna en eftirlaunagreiðslur vegna Útvegsbankans námu 53,6 milljónum króna.

Framlag ríkisins vegna uppbóta á lífeyri lækkaði um 431,7 milljónir króna á milli áranna 1989 og 1990.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	976	0	976	--
Tilfærslur	671.264	666.059	5.205	0,8%
	672.240	666.059	6.181	0,9%

Samkvæmt 32. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1990 skyldi endurgreiðsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunar- kvenna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri ekki nema hærri fjárhæð en 540 milljónir króna. Fjárveiting til greiðslu uppbóta á lífeyri nam 547 milljónum króna á fjárlögum ársins 1990 og átti framlagið að skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur. Í fjárukalögum var veitt viðbótarheimild að fjárhæð 130 milljónir króna til greiðslu uppbóta á lífeyri til annarra sjóða en þeirra sem framlög voru skert til með heimild í lánsfjárlögum. Framlög til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins voru skert um 721 milljón króna á árinu 1990 og til Lífeyrissjóðs hjúkrunkvenna um 17 milljónir króna eða alls um 738 milljónir króna.

### Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Í fjárlögum var stofnuninni gert að skila 20% af launagjöldum eða 5,1 milljón króna í ríkissjóð en endanlegar fjárheimildir gerðu ráð fyrir að hún skilaði 3,2 milljónum króna í ríkissjóð á árinu. Reyndin varð sú að gjöld umfram tekjur urðu 2,3 milljónir króna.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	24.378	25.579	-1.201	-4,7%
Ýmis gjöld	18.700	16.902	1.798	10,6%
Sértekjur	-40.806	-45.717	4.911	-10,7%
	2.272	-3.236	5.508	170,2%

Ýmis gjöld Framkvæmdadeildar námu 18,7 milljónum króna og fóru 10,6% fram úr fjárheimildum. Sértekjur stofnunarinnar námu 40,8 milljónum króna en áætlað var að þær yrðu 45,7 milljónir króna. Launagjöld voru innan fjárheimilda. Launagjöld fjárlaga miða við 15,0 stöðugildi en föst mánaðarlaun svöruðu til 14,7 stöðugilda á árinu 1990.

### Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Á fjárlögum voru veittar 114,9 milljónir króna til níu viðfangsefna en fjárheimild ársins 1990 nam 339,2 milljónum króna. Í fjárukalögum voru stofnkostnaðarframlög ýmist skert eða aukin en útgjaldaaukning fjárukalaga nam 31,8 milljónum króna. Af fjárlagalið 09-481 Útgjöld skv.

sérstökum lögum og heimildarlögum voru millifærðar 148,0 milljónir króna, af fjárlagalið 09-989 Launa- og verðlagsmál voru millifærðar 16,0 milljónir króna og 28,2 milljónir króna voru geymdar fjárveitingar frá fyrra ári.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Ýmis gjöld og eignakaup	447.250	339.219	108.031	31,8%
Efnahagur	15.818	0	15.818	--
	463.068	339.219	123.849	36,5%

Gjaldfærðar voru alls 463,1 milljón króna til 40 viðfangsefna á árinu 1990. Sem fyrr stafar mismunur á greiðslustöðu og fjárlögum af mismunandi færslu kaupsamninga. Fjárhæðir fjárlaga miða við greiðslur ársins en í bókhaldi eru kaupsamningar gjaldfærðir og viðskiptafærðir. Greiðslur vegna fasteignakaupa eða bygginga námu um 360 milljónum króna en um 100 milljónir króna eru viðskiptafærðar og greiðast annað hvort á árinu 1991 eða samkvæmt skuldabréfi til lengri tíma.

### Samgönguráðuneyti

Umframgreiðslur námu 38,4 milljónum króna og eru 26,2 milljónir króna vegna tilfærslna til strandferða og framlags til Hafnabótasjóðs.

### Strandferðir, framlög

Greiðslur til Skipaútgerðar ríkisins námu 180,0 milljónum króna eða 10,4 milljónum króna umfram heimildir. Fjárveitingar voru skornar niður um 8,6 milljónir króna á árinu en vitneskja um niðurskurðinn barst eftir að fjárveitingu ársins hafði verið ráðstafað.

Að auki má benda á að viðskiptaskuld Skipaútgerðar ríkisins við ríkissjóð jókst um 54,5 milljónir króna á milli áruna 1989 og 1990 en sú skuld á rætur að rekja til launa.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Skipaútgerð ríkisins	179.951	169.537	10.414	6,1%
Flóabátar og vöruflutn.	131.755	130.938	817	0,6%
	311.706	300.475	11.231	3,7%

Greiðslur til flóabáta og vöruflutninga námu 131,7 milljónum króna eða 0,8 milljónum króna hærrí fjárhæð en fjárheimild. Fjárveitingar fjárlaga voru lækkaðar um 5,6 milljónir króna á árinu en geymdar fjárveitingar frá fyrra ári vegna Hríseyjarferju námu 5,4 milljónum króna. Kostnaður við flutninga á landi nam 19,8 milljónum króna og framlag til reksturs flóabáta nam 112,0 milljónum króna.

## Hafnamál

Umframgreiðslur námu 15,0 milljónum króna og eru vegna Hafna-bótasjóðs. Frávikði skýrist af niðurfellingu vanskilaskulda Bakka-fjarðarhafnar að fjárhæð 12,0 milljónir króna og Norðurfjarðarhafnar að fjárhæð 3,0 milljónir króna skv. heimild í 6. grein fjárlaga fyrir árið 1990. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði átt að færa fjárheimild að fjárhæð 15,0 milljónir króna af fjárlagalið fjármálaráðuneytisins, 09-481 útgjöld, samkvæmt heimildarákvæðum á Hafnabótasjóð.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Tilfærslur	112.350	97.350	15.000	15,4%

## **Viðskiptaráðuneyti**

Greiðslur umfram heimildir námu 18,0 milljónum króna og eru að stærstum hluta vegna aukinna niðurgreiðslna á vöruverði sem fóru 10,7 milljónir króna fram úr heimildum. Umframgreiðslur til hlutafélagaskrár námu 7,3 milljónum króna en tekjur þeirra stofnunar eru færðar sem ríkistekjur þótt að í fjárlögum sé gert ráð fyrir þeim sem sértekjum stofnunarinnar.

## Niðurgreiðslur á vöruverði

Í fjárukalögum nr. 72/1990 sem samþykkt voru í maí 1990 vegna breytinga á útgjöldum ríkissjóðs sem leiddu af kjarasamningagerð aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisins við BSRB hins vegar voru niðurgreiðslur á vöruverði auknar um 800 milljónir króna. Hækkunin var gerð til að koma í veg fyrir hækkun á smásöluverði hefðbundinna búvara fram til 1. desember 1990.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Niðurgreiðslur	5.063.721	5.053.000	10.721	0,2%
Lífeyrissjóður bændu	280.000	280.000	0	0,0%
	5.343.721	5.333.000	10.721	0,2%

Alls fóru niðurgreiðslur um 10,7 milljónir króna fram úr fjárheimildum eða um 0,2%. Niðurgreiðslur hafa aukist um 837 milljónir króna frá árinu 1989 eða sem svarar til 20% en almennt verðlag hefur á sama tíma hækkað um tæp 15%. Mest hefur aukningin orðið á niðurgreiðslum á kindakjöti eða sem svarar til 209 milljóna króna að raunvirði. Kostnaður vegna söluátaks á lambakjöti hefur aukist um 85 milljónir króna eða rúmlega tvöfaldast að raunvirði en hann nam samtals 168 milljónum króna. Vaxta- og geymslugjöld hafa aukist um 34 milljónir króna að raunvirði eða sem svarar

til 6,5%. Niðurgreiðslur á mjólk og ull hafa aftur á móti dregist saman um 116 milljónir króna eða sem nemur 4,5% að raunvirði.

### Hlutafélagaskrá

Greiðslur urðu rúmlega tvöfalt hærri er fjárheimildir eða alls um 14,5 milljónir króna. Frávikið skýrist af því að tekjur af skráningu hlutafélaga eru færðar sem ríkistekjur í ríkisbókhaldbi en í fjárlögum eru þessar tekjur áætlaðar sem sértekjur stofnunar. Þetta misræmi á milli fjárlaga og reiknings var leiðrétt á fjárlögum ársins 1991. Veitt var 2,0 milljóna króna fjárveiting á fjárukalögum til tölvuvæðingar á hlutafélagaskrá og til fjárvinnsluverkefna.

Fjárh. í þús.kr.	Greiðslur 1990	Fjárheimild 1990	Mismunur Fjárh.	Mismunur %
Laun	7.125	7.564	-439	-5,8%
Ýmis gjöld	4.865	2.098	2.767	131,9%
Eignakaup	2.569	4.554	-1.985	-43,6%
Sértekjur	-100	-7.065	6.965	-98,6%
	14.459	7.151	7.308	102,2%